| Norðuramtið... ... ... | 2900 | 1849 | 27844.9 | 4320 | 297 | 493 | 605 | 64902 | 12734 | 17085 | 54386 | 169 | 8433 | 4388 | 733 |
| Austuramtið ... ... | 1772 | 990 | 10834.9 | 1950 | 269 | 335 | 405 | 40562 | 14785 | 22055 | 41399 | 43 | 3113 | 770 | 222 |
| Á öllu Íslandi | 10295 | 7015 | 85873.7 | 16427 | 1054 | 2034 | 2937 | 194015 | 52578 | 81845 | 172041 | 225 | 26217 | 13044 | 2681 |

# Skýrsla um búnaðarástandið á Islandi 1899, eptir sýslum og ömtum.

| Sýslur og ömt: | Land ræktað og yrkt í fardögum: | | Jarðabætur á árinu: | | | Jarðargróði á árinu: | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | Hey: | | Rótarávextir: | | | |
| | Tún, dagslættur á 900 □ faðma | Kálgarðar og annað sáðland í □ föðmum | Skurðir til vatnsveitinga, faðmar | Túngarðar hlaðnir, faðmar | Þúfnasljettun í □ föðmum | Taða, hestar | Úthey, hestar | Jarðepli, tunnur | Rófur og næpur, tunnur | Svörður eða mór, hestar. | Hrís og skógarviður hestar, |
| *Suðuramtið:* | | | | | | | | | | | |
| Vesturskaptafellssýsla | 969 | 34275 | 1708 | 1480 | 5320 | 16361 | 49698 | 894 | 774 | 1349 | 272 |
| Vestmannaeyjasýsla | 174 | 16301 | ..... | ..... | 85 | 2061 | 96 | 379 | 232 | ..... | .. |
| Rangárvallasýsla | 4594 | 152725 | 9591 | 4562 | 35348 | 59174 | 204743 | 2686 | 3220 | 6770 | 588 |
| Árnessýsla | 4729 | 151499 | 8319 | 2349 | 39241 | 66923 | 191426 | 2468 | 2192 | 10705 | 2523 |
| Gullbringu- og Kjósarsýsla | 3381 | 96533 | 775 | 4035 | 29675 | 39739 | 28994 | 1923 | 1868 | 20580 | 159 |
| Reykjavíkurkaupstaður | 188 | 33767 | ..... | 1310 | 9840 | 2492 | ..... | 336 | 565 | 7530 | ... |
| Borgarfjarðarsýsla | 2254 | 58434 | 1799 | 281 | 33472 | 31554 | 64898 | 1477 | 414 | 20763 | 993 |
| Samtals | 16289 | 543534 | 22192 | 14017 | 152981 | 218304 | 539855 | 10163 | 9265 | 67697 | 4535 |
| *Vesturamtið:* | | | | | | | | | | | |
| Mýrasýsla | 2205 | 18377 | 272 | 343 | 11066 | 23855 | 51850 | 304 | 190 | 10132 | 1339 |
| Snæfellsness- og Hnappadalss. | 2742 | 15036 | 1158 | 662 | 19918 | 25458 | 34387 | 142 | 126 | 22911 | 21 |
| Dalasýsla | 2373 | 10335 | 2202 | 736 | 28734 | 28027 | 52474 | 118 | 160 | 4869 | 103 |
| Barðastrandarsýsla | 2099 | 18889 | 1287 | 748 | 6727 | 21933 | 28381 | 647 | 192 | 5220 | 1070 |
| Ísafjarðarsýsla | 2713 | 11509 | 422 | 474 | 7229 | 27688 | 47598 | 289 | 388 | 20801 | 1703 |
| Ísafjarðarkaupstaður | 21 | 1149 | ..... | ..... | ..... | 157 | ..... | 8 | 66 | ..... | ... |
| Strandasýsla | 1150 | 1505 | 64 | 783 | 2974 | 12085 | 37772 | 3 | 54 | 12657 | 12 |
| Samtals | 13303 | 76800 | 5405 | 3746 | 76648 | 139203 | 252462 | 1511 | 1176 | 76590 | 4241 |
| *Norðuramtið:* | | | | | | | | | | | |
| Húnavatnssýsla | 4988 | 6401 | 6114 | 1727 | 39292 | 55489 | 107844 | 88 | 143 | 6276 | ... |
| Skagafjarðarsýsla | 5035 | 5643 | 2501 | 654 | 16920 | 58133 | 101067 | 94 | 143 | 6938 | ... |
| Eyjafjarðarsýsla | 5023 | 12488 | 1329 | 621 | 23943 | 50739 | 101048 | 384 | 74 | 10562 | ... |

Skýrsla um búnaðarástandið á Íslandi 1899, eptir ömtum og sýslum. [Framh.].

| Sýslur og ömt: | Land ræktað og yrkt í fardögum: | | Jarðabætur á árinu: | | | Jarðargróði á árinu: | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | Hey: | | Rótarávextir: | | | |
| | Tún, dagslátt-ur á 900 □ faðmar | Kálgarðar og annað sáðland í □ föðmum | Skurðir til vatnsveitinga, faðmar | Túngarðar hlaðnir, faðmar | Þúfnasljettun í □ föðmum | Tað a, hestar | Úthey, hestar | Jarðepli, tunnur | Rófur og næpur, tunnur | Svörður eða mór, hestar | Hrís og skóg-arviður, hestar |
| Akureyrarkaupstaður | 123 | 23813 | ..... | ..... | 200 | 1113 | 1905 | 968 | 105 | 3704 | ..... |
| Suðurþingeyjarsýsla | 3500 | 5230 | 958 | 993 | 19864 | 32444 | 61043 | 438 | 148 | 12589 | 648 |
| Samtals | 18669 | 53575 | 10902 | 3995 | 100219 | 197918 | 372907 | 1972 | 613 | 40069 | 648 |
| *Austuramtið:* | | | | | | | | | | | |
| Norðurþingeyjarsýsla | 925 | 1112 | 250 | 228 | 4331 | 9409 | 20354 | 31 | 26 | 3694 | 466 |
| Norðurmúlasýsla | 2131 | 11513 | 511 | 1125 | 6919 | 29682 | 59310 | 111 | 314 | 8240 | 13 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 72 | 1178 | ..... | ..... | ..... | 758 | 849 | ..... | 37 | 192 | ..... |
| Suðurmúlasýsla | 2257 | 12314 | 1576 | 1231 | 12374 | 30315 | 39502 | 71 | 487 | 10998 | 67 |
| Austurskaptafellssýsla | 873 | 16586 | 128 | 594 | 388 | 6964 | 26259 | 434 | 228 | 130 | 342 |
| Samtals | 6258 | 42703 | 2465 | 3178 | 24012 | 77128 | 146274 | 647 | 1092 | 23254 | 888 |
| *Yfirlit:* | | | | | | | | | | | |
| Suðuramtið | 16289 | 543534 | 22192 | 14017 | 152981 | 218304 | 539855 | 10163 | 9265 | 67697 | 4535 |
| Vesturamtið | 13303 | 76800 | 5405 | 3746 | 76648 | 139203 | 252462 | 1511 | 1176 | 76590 | 4241 |
| Norðuramtið | 18667 | 53575 | 10902 | 3995 | 100219 | 197918 | 372907 | 1972 | 613 | 40069 | 648 |
| Austuramtið | 6258 | 42703 | 2465 | 3178 | 24012 | 77128 | 146274 | 647 | 1092 | 23254 | 888 |
| Á öllu Íslandi | 54519 | 716612 | 40964 | 24936 | 353860 | 632553 | 1311498 | 14293 | 12146 | 207610 | 10312 |

# Yfirlit

## yfir búnaðarskýrslurnar 1899, með tilliti til skýrslna frá búnaðarfjelögum s. á.

Eins og áður hefir verið tekið fram, má ætla að lausafjárframtalið sje heldur lágt í skýrslum þessum, það er optast svo með skýrslur sem skattar eru byggðir á, að þær eru lágar. Undandráttur undan tíund mun þó vera minni síðari ár en áður. Aptur má ganga að því vísu, að skýrslur jarðabótafjelaganna sjeu rjettar, en þær eru of lágar að því leyti, sem þær ná ekki yfir aðrar jarðarbætur en þær, sem unnar eru í jarðabótafjelögum.

*Tala framteljenda og býla* hefir verið síðustu árin:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1895 | 9857 | framteljendur | 8866 býli |
| 1896 | 10180 | —— | 6840 — |
| 1897 | 10433 | —— | 6801 — |
| 1898 | 10383 | —— | 6806 — |
| 1899 | 10295 | —— | 7015 — |

Framteljendur eru þeir sem telja fram til tíundar $^1/_2$ hundrað lausafjár eða meira. Til þessa flokks teljast lausamenn og hjú ef þau telja svo mikið fram. Býli tákna hve margt af þessu fólki býr á jörð eða jarðarparti. Framteljendum hefir fjölgað mikið síðan 1895. Það sýnir að fleiri búlausir menn tíunda, en áður, líklega til þess að lagt verði á þá til sveitar. Vera má, að það sje almennara, síðan fólk má vera í lausamennsku, að lausafólk eigi skepnur, það er með öðrum orðum sama sem að færri sjeu eignalausir. Það getur líka verið af því að hreppstjóralaunalögin eru svo orðuð, að þeir fá borgun fyrir hvern framteljanda, að fleiri sjeu látnir telja fram en áður, og að samtíund sje höfð sjaldnar. Tala býla sýnist hafa verið talin of há 1895, því 2000 býli hafa ekki lagst niður á einu ári, eins og maður verður að hugsa sjer að hafi verið, hafi sama verið kallað býli öll árin. Annars sýnist fækkun býla benda á það — þegar fólkinu fjölgar samt árlega — að kaupstaðirnir vaxi, og það gjöra þeir líka; lausafólki getur líka fjölgað jafnframt, en það á sér ekki stað á Íslandi nú. — Af greiðslum til Söfnunarsjóðsins má sjá að því hefur fækkað, en hjúum fjölgað aptur frá því 1897.

*Fasteignarhundruð* á landinu voru, eptir að jarðirnar í Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu voru virtar upp aptur ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 86,189.3

1899 var búið á ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 85,873.7

Jarðarhundruð sem ekki var búið á voru ... ... ... ... ... ... ... ... ... 315.6

Af þeim eru brennisteinsnámar og byggðar lóðir í Reykjavík 71 + 48 hndr... ... 119.0

Í eyði hafa þá verið talin .. .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 296.6

| | |
|---|---|
| Í eyði voru annars árið 1895 | 315.9 |
| — — — —— — 1896 | 291.3 |
| — — — —— — 1897 | 181.3 |
| — — — —— — 1898 | 475.5 |
| — — — —— — 1899 | 296.6 |

það er nokkuð mismunandi öll árin; aldrei minna en 150 og aldrei yfir 500 hndr.

*Nautpeningur* á landinu hefir verið á ýmsum tímum:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1703 | 35.860 | 1871—80 meðaltal | 20.749 | Að kálfum |
| 1770... | 31.179 | 1881—90 —— | 18.156 | meðtöldum |
| 1783 | 21.457 | 1891—95 —— | 19.269 | 21.840 |
| 1821—30 meðaltal... | 25.146 | 1896 | 20.524 | 23.713 |
| 1849 | 25.523 | 1897... | 20.461 | 23.109 |
| 1858—59 .. | 26.803 | 1898 | 19.572 | 21.982 |
| 1861—69 meðaltal | 20.674 | 1899... | 19.515 | 22.452 |

Árin 1703—1849 eru kálfar taldir með; sömuleiðis frá 1891—1899 í síðasta dálkinum.

Í yfirlitinu 1898 var bent á að nautgripum mundi lítið fækka til næsta árs. Fækkunin varð hjer um bil 60. — Það sýnist ótvírætt að nautgripum muni fjölga til 1900, líklega um 4—500 nauta.

Borin saman við fólksfjöldann hefir nautgripatalan verið.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1703 | 71 | nautgripir | á hvert | 100 | manns |
| 1770 | 67 | —— | — — | 100 | —— |
| 1849 | 43 | —— | — — | 100 | —— |
| 1891—95 meðaltal | 30 | —— | — — | 100 | —— |
| 1896 | 32 | —— | — — | 100 | —— |
| 1897 | 31 | —— | — — | 100 | —— |
| 1898 | 29 | —— | — — | 100 | —— |

Fyrir árið 1899 er manntalið ekki komið enn. Þess vegna verður það að bíða til næsta árs.

Það hefir áður verið sýnt, að kúabúum hefir aldrei farið eins mikið aptur á stuttum tíma, þegar einstök hallæri eru undanskilin, eins og eptir borgarastríðið í Bandaríkjunum, því það kom ullinni í mjög hátt verð, sem hjelst í nokkur ár.

| | |
|---|---|
| 1861—65 voru veturgamlir nautgripir og eldri | 22.329 |
| 1866—69 — —— —— — — | 18.918 |

Bændur byrjuðu þá að leggja meiri rækt við sauðfjáreignina.

*Fjenaður* hefir verið á ýmsum tímum á landinu:

| | | | | Að lömbum meðtöldum |
|---|---|---|---|---|
| 1703 | 278.994 | 1871—80 meðaltal | 432.336 | |
| 1770 | 378.677 | 1881—90 —— | 414.670 | |
| 1783 | 332.731 | 1891—95 —— | 536.957 | 757.091 |
| 1821—30 meðaltal | 426.727 | 1896 | 594.915 | 754.115 |
| 1849 | 619.092 | 1897 | 537.488 | 754.115 |
| 1858—59 | 346.589 | 1898 | 517.614 | 735.442 |
| 1861—69 meðaltal | 360.179 | 1899 | 500.479 | 694.494 |

Gangurinu hefir verið sá, að sauðfjáreignin hefir stöðugt vaxið í tvær aldir, þótt einstök ár og áratugir sjeu undantekning frá reglunni. Apturförin 1858—59 kemur af fjárkláðanum, og niðurskurðinum sem honum fylgdi. Vöxturinn eptir 1870 kemur af hinum háu ullarprísum, og kaupum Englendinga á lifandi fje. Aptur er apturförin frá 1896 því að kenna, að enski markaðurinn er nú lokaður að kalla, og ullarverðið lágt. Frá 1896—99 hefir fullorðnum kindum fækkað um 94000
en fullorðnum kindum og lömbum um 147000
Árið 1900 er ekki ólíklegt að fjenaði fækki en um 20000 kindur eða eitthvað nálægt því?

Borin saman við fólksfjöldan á landinu, hefur sauðfjártalan verið að lömbum meðtöldum:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1703 | 553 | sauðkindur | á hvert | 100 | manns |
| 1770 | 839 | —— | - — | 100 | — |
| 1849 | 1048 | —— | - — | 100 | — |
| 1891—95 meðaltal | 1081 | —— | - — | 100 | — |
| 1896 | 1128 | —— | - — | 100 | — |
| 1897 | 996 | —— | - — | 100 | — |
| 1898 | 964 | —— | - — | 100 | — |

Bæði fækkar fjenu síðari árin og tölu kaupstaðarbúa fjölgar. Ef fjölgun kaupstaðarbúa hefði verið dregin frá 1897, hefðu það ár komið 1090 sauðkindur á hvert 100 annara landsbúa.

Markaður fyrir lifandi sauðfje, í stað hins enska markaðs, er ekki enn fundinn, enda hafa ekki verið gjörðar miklar tilraunir til þess. Markaður fyrir saltkjöt eins og það er flutt út hjeðan, sýnist vera í Noregi, en Norðmenn hafa lagt toll á innflutning þess. Vel mætti ætla, að sá tollur væri kaup kaups fyrir útflutningstollana hjeðan, á síld, hvalslýsi og hvalafurðum, ef það er ekki verndartollur fyrir innlent kjöt í Noregi.

*Geitfje* fer óðum fjölgandi síðari árin, svo ekki verður gengið fram hjá því í yfirlitinu. Tala geitfjár hefir verið á ýmsum tímum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1703 | 818 | 1891—95 meðaltal | 86 |
| 1770 | 755 | 1896 | 99 |
| 1858—59 | 767 | 1887 | 188 |
| 1861—69 meðaltal | 343 | 1898 | 235 |
| 1871—80 —— | 195 | 1899 | 225 |
| 1881—90 —— | 62 | | |

Stundum hefir geitfje verið talið með sauðfjenu, því það er tíundað eins og kindur, stundum hefir sumt af því verið talið með sauðfjenu, en sumt ekki. Af þessu verður tala þess sum árin mjög óáreiðanleg. Fjölgunin síðustu árin ber ef til vill fremur vott um, að þetta sje að lagast, en um fjölgun geitfjár í raun og veru. Geitur hafa því miður enn ekki fengið þá þýðingu fyrir landsbúa, sem þær ættu að hafa, en hún er að þær sjeu þurrabúðarkýr.

*Hross* hafa verið á ýmsum tímum:

| | | | | Að fölöldum |
|---|---|---|---|---|
| 1703 | 26909 | 1871—80 meðaltal | 32487 | |
| 1770 | 32638 | 1881—90 —— | 31205 | meðtöldum |
| 1783 | 36408 | 1891—95 —— | 33730 | 36465 |
| 1821—30 meðaltal | 32700 | 1896 | 39065 | 43235 |
| 1849 | 37557 | 1897 | 39513 | 42470 |
| 1858—59 | 40219 | 1898 | 40408 | 44134 |
| 1861—69 meðaltal | 35515 | 1899 | 39261 | 41942 |

Fölöld eru talin með síðast 1849, og svo aptur á síðasta dálkinum, eptir 1890.

Bezt sjest hvernig hrossaeignin stendur af sjer, þegar litið er á hve mörg hross koma á hvert 100 landsbúa.

*Hross* og *fölöld* voru á landinu:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1703 | 53 | hross á hvert | 100 | manns | |
| 1770 | 71 | — - — | 100 | — | |
| 1849 | 63 | — - — | 100 | — | |
| 1896 | 56 | — - — | 100 | — | |
| 1897 | 56 | — - — | 100 | — | |
| 1898 | 58 | — - — | 100 | — | |

Hrossaeignin 1770 er tiltölulega mjög há, og ef engar skýrslur væru fyrir hendi frá árunum þar í kring til samanburðar sýndist manni að skýrslurnar mundu hafa verið ónákvæmar mjög, eða rangar frá því ári. En 1783 tekur sama sig upp, þá er hrossaeignin jafnvel meiri, svo líkindi eru til þess, að síðari hlut 18. aldar hafi menn átt mikið af hrossum, og hafi látið þau ganga sjálfala á vetrum. Þótt hrossum heldur fækkaði en hitt, þá er það naumast apturför í búnaði. Það getur þýtt, að menn selji öll óþörf hross, og fari betur með hin.

Annars er enginn efi á því að búnaði hefir farið hnignandi síðan 1896 og til ársloka 1899. Fjenaði hefir fækkað mikið, hrossaeign hefir minkað, og nautpeningi fækkað um 1000, sem er fremur tilfinnanlegt en hitt, af því naut eru fá.

Virt til peninga eins og áður hefur verið gjört verður kvikfjáreignin öll 1899 og nokkur undanfarin ár það sem eptirfarandi tafla sýnir í þúsundum króna.

| | Verðlag í kr. | 1892 þús. kr. | 1896 þús. kr. | 1897 þús. kr. | 1898 þús. kr. | 1899 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Kýr og kelfdar kvígur ... ... ... | 100 | 1.634 | 1.705 | 1.686 | 1.655 | 1.643 |
| 2. Griðungar og geldneyti eldri en 1 árs | 60 | 86 | 67 | 79 | 69 | 63 |
| 3. Veturgam. nautpeningur ... ... ... | 35 | 93 | 82 | 80 | 65 | 71 |
| 4. Kálfar ... ... ... ... ... ... | 15 | 31 | 48 | 40 | 36 | 44 |
| 5. Ær með lömbum ... ... ... ... | 12 | 2.542 | 2.965 | 2.600 | 2.614 | 2.328 |
| 6. Ær geldar ... ... ... ... ... | 10 | 538 | 402 | 559 | 448 | 525 |
| 7. Sauðir og hrútar eldri en 1 árs ... | 13 | 1.185 | 1.188 | 1.004 | 1.199 | 1.064 |
| 8. Gemlingar ... ... ... ... ... | 8 | 1.587 | 1.736 | 1.452 | 1.302 | 1.376 |
| 9. Geitfje ... ... ... ... ... ... | 12 | 1 | 1 | 2 | 3 | 3 |
| 10. Hestar og hryssur 4 vetra og eldri | 80 | 1.895 | 2.150 | 2.178 | 2.142 | 2.097 |
| 11. Tryppi veturgömul til 3 vetra ... | 35 | 316 | 427 | 4.030 | 477 | 457 |
| 12. Folöld ... ... ... ... ... ... | 15 | 39 | 48 | 44 | 56 | 40 |
| Samtals | | 9.947 | 10.819 | 10.234 | 10.066 | 9.711 |

Öll skepnueignin hefur verið virt til peninga með hinu ofannefnda verði.

| | | |
|---|---|---|
| 1892—94 meðaltal ... ... ... ... ... | 9.869 þús. kr. | |
| 1896 ... ... ... ... ... ... ... ... | 10.819 — — | 1062 kr. á framteljanda |
| 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... | 10.234 — — | 981 — — ——— |
| 1898 ... ... ... ... ... ... ... ... | 10.066 — — | 969 — — ——— |
| 1899 ... ... ... ... ... ... ... | 9.711 — — | 953 — — ——— |

Tala framteljanda vantar í Norður- og Austuramtinu 1892. Þess vegna hefir ekkert meðaltal á framteljanda verið reiknað 1892—94. Annars fjölgar þeim töluvert um leið og skepnueignin gengur saman.

### *Ræktað land.*

Í skýrslum þessum er sérstaklega átt við tún og kálgarða þegar talað er um ræktað land. Flæðiengi, og land sem vatni er veitt á hefur ekki verið talið í skýrslunum eptir 1887. Þetta land hlýtur þó nú að vera töluverður hluti úr engjum jarða hjer á landi hingað og þangað, því eins og sjá má síðar, þá eru gerðir miklir vatnsveitingagarðar og skurðir á hverju ári, og garðar og skurðir hljóta þó að endast nokkur ár, áður en þeir verða ónýtir.

*Tún* voru í skýrslunum:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1885 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 31.052 | dagsláttur á | 900 □ | faðma |
| 1886—90 meðaltal ... ... ... ... ... ... ... | 33.390 | —— | – —— | —— |
| 1891—95 —— ... ... ... ... ... ... | 38.816 | —— | – —— | —— |
| 1896 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 46.499 | —— | – —— | —— |
| 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 51.262 | —— | – —— | —— |
| 1898 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 52.703 | —— | – —— | —— |
| 1899 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 54.517 | —— | – —— | —— |

eptir því ættu túnin að hafa stækkað um 1800 dagsláttur á einu ári. Það er ekki hægt að koma því heim hvernig sú breyting er á orðin, því sljettur voru 1898 (sem líklega eru ekki taldar tún fyrr en 1899) 529 dagsláttur, og mikið af þeim í gömlum túnum að líkindum. Tún eru færð út á annan hátt, sljettaður dagsláttufjöldi er ekki nákvæmur mælikvarði.

Eins og áður er tekið fram, verður að ætla dagsláttutalan 1885 sje oflág. Væri hún rjett hefðu túnin á Íslandi stækkað síðan um 23000 dagsláttur eða $^2/_5$ af því sem þau voru þá. Sje meðaltalið 1891—95 lagt til grundvallar hafa túnin samt vaxið um 16000 dagsláttur, eða um helming af því sem þau voru þá.

| | | |
|---|---|---|
| Túnin voru 1896 | 2.68 □ | mílur |
| —— — 1897 | 2.88 □ | —— |
| —— — 1898 | 2.96 □ | —— |
| —— — 1899 | 3.06 □ | —— |

Um *kálgarða* hafa skýrslur verið til síðan um aldamót. Frá 1804—49 ná þær þó aðeins til tölu kálgarða, en segja ekkert um flatarmál þeirra. Talan á þeim er nú eins konar hagfræðislegar frumenjar og er því haldið hjer.

Tala þeirra var:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1804 | 293 | 1858—59 | 7129 |
| 1821—30 meðaltal | 2751 | 1861—69 meðaltal | 5449 |
| 1840—45 —— | 3697 | 1871—75 —— | 4225 |
| 1849 | 5042 | 1876—80 —— | 4154 |

Talan sýnir mikla framför frá aldamótunum til 1859, en apturför eptir það og til 1880.

Ef kálgarðar eru mældir í ferhyrningsföðmum, þá sjest að apturför er nokkur frá 1859 og þangað til 1875. Eptir 1875 byrja þeir að vaxa aptur. 1886—90 eru þeir komnir upp í það sama aptur, sem þeir voru 1859, og vaxa svo eptir það. Nú eru þeir tvöfalt meira flatarmál en 1859.

Kálgarðar voru eptir skýrslunum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1858—59 | 366 þús. □ faðm. | 1896 | 622 þús. □ faðm. |
| 1861—69 meðaltal | 304 — — — | 1897 | 672 — — — |
| 1871—80 —— | 259 — — — | 1898 | 696 — — — |
| 1981—90 —— | 361 — — — | 1899 | 716 — — — |
| 1891—05 —— | 469 — — — | | |

Kálgarðar hafa þannig verið 4 síðustu árin:

| | | |
|---|---|---|
| 1896 | 0.038 □ | mílur |
| 1897 | 0.042 — | —— |
| 1898 | 0.043 — | —— |
| 1899 | 0.045 — | —— |

Flæðiengi hefur verið áætlað að mundi vera 5000 engjadagsláttur hver á 1600 □ faðma.

*Allt ræktað land* (þó ekki skógar) hefir verið 1899:

| | | |
|---|---|---|
| Tún | 3.060 □ | mílur |
| Kálgarðar | 0.045 □ | — |
| Flæðiengjar og áveitt land | 0.500 □ | — |
| | 3.6 □ | mílur |

## *Jarðabætur.*

Fjögur undanfarin ár hafa verið prentaðar bæði skýrslur hreppstjóra um jarðabætur, og skýrslur búnaðarfjelaganna. Við það verða sömu skýrslurnar stundum tvíprentaðar, en það verður ekki hjá því komist. Skýrslur hreppstjóra eiga að ná yfir allar jarðabætur, sem gjörðar eru á öllu landinu, en hinar ná að eins yfir þær jarðabætur, sem eru unnar í búnaðarfjelögunum. Hreppstjóra skýrslurnar 1899 ná yfir fardagaárið 1898—99, hinar yfir jarðabæturnar almanaks-árið 1899, þær gætu því, þó hvorutveggju væru alveg rjettar, og

næðu yfir sama, aldrei komið heim, nema þegar mörg ár væru lögð saman. Til þess að skýrslur fjelagsins sjeu taldar, þarf það að hafa sent skýrslu sína til landshöfðingjans, en hitt er eigi skilyrðið, að það hafi fengið búnaðarstyrk.

*Þúfnasljettur* hafa verið eptir *búnaðarskýrslunum*:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1853—55 meðaltal | 91.044 □ faðm. | 1886—90 meðaltal | 139.444 □ faðm. |
| 1858—59 .. ... | 52.861 ——— | 1891—95 —— | 228.095 ——— |
| 1861—69 meðaltal | 29.035 ——— | 1896 ... ... ... | 312.598 ——— |
| 1871—75 —— | 38.767 ——— | 1897 ... ... | 320 756 ——— |
| 1876—80 —— | 74.581 ——— | 1898 ... ... ... | 380.871 ——— |
| 1881—85 —— | 90.908 ——— | 1899 ... ... | 353.860 ——— |

Eptir *skýrslum búnaðarfjelaga* hafa verið sljettaðir:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... ... ... | 279.159 □ faðm. | eða | 310 | dagsl. | (á 900 □ faðma) | |
| 1896 ... ... ... ... ... ... | 390.293 ——— | — | 434 | — | - — | ——— |
| 1897 ... ... ... ... ... ... | 381.837 ——— | — | 424 | — | - — | ——— |
| 1898 ... ... ... ... ... ... | 475.756 ——— | — | 529 | — | - — | ——— |
| 1899 ... ... ... ... ... ... | 374.219 ——— | — | 416 | — | - — | ——— |

Árið 1899 hefir þannig verið unnið nokkuð minna að túnasljettun, en árið næsta á undan, en hjer um bil hið sama, sem 1896 og 1897. Eins og áður, telja búnaðarfjelaga skýrslurnar meira sljettað en hreppstjóra skýrslurnar, enda munu hinar síðari optast telja fram eptir áætlun. Skýrslur búnaðarfjelaganna verða þó ekki taldar tæmandi, því að margar eru þær sveitir á landinu, þar sem ekkert búnaðarfjelag er til, en ætla verður, að nokkuð sje þó unnið í þeim sveitum líka, enda sýna hreppstjóra skýrslurnar það. Það er þess vegna víst, að nokkuð meira hefir verið sljettað en 416 dagsláttur 1899.

*Kálgarðar* hafa aukist:

| Eptir skýrslum búnaðarfjelaga | | Eptir skýrslum hreppstjóra | |
|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal | 20.476 □ faðma | 1892—95 meðaltal | 19.136 □ faðma |
| 1896 ... ... ... | 30.814 ——— | 1895—96 ... ... | 84.377 ——— |
| 1897 ... ... ... | 21.232 ——— | 1896—97 ... ... | 50.438 ——— |
| 1898 ... ... ... | 20,596 ——— | 1897—98 ... ... | 24.257 ——— |
| 1899 ... ... ... | 22.124 ——— | 1898—99 ... ... | 20.164 ——— |

Þeir aukast optast um hjer um bil 2 dagsláttur á ári.

*Garðar.* Skýrslum um garðahleðslu hefir verið safnað frá því 1853. Í hreppstjóraskýrslunum er að eins talað um túngarða, án þess munur sje gjörður á efninu, sem þeir eru hlaðnir úr, og án þess að hægt sje að sjá, hvort garðurinn er hlaðinn utan um sáðreiti, þótt þeir garðar sjeu líklegast taldir með.

Hlaðnir túngarðar hafa bæzt við á ári hverju eptir *búnaðarskýrslunum*:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1853—55 meðaltal ... | 27.626 faðm. | 1891—95 meðaltal ... | 19.575 faðm. |
| 1858—59 ... ... ... | 19.098 —— | 1896 ... ... ... | 22.480 —— |
| 1861—69 meðaltal ... | 9.006 —— | 1897 ... ... ... ... | 24.329 —— |
| 1871—80 —— ... | 10.339 —— | 1898 ... ... ... ... | 21.494 —— |
| 1881—90 —— ... | 18.036 —— | 1899 ... ... ... ... | 24.936 —— |

1861—80 er tiltölulega lítið hlaðið af túngörðum, enda var nautfjárrækt þá ofurliða borin af sauðfjárræktinni, en þegar svo stendur á, sýnist minna vera hugsað um túnin.

Af görðum hefir alls verið hlaðið síðustu árin, þegar ekkert tillit er tekið til úr hverju eða til hvers þeir eru:

| | Eptir skýrslum hreppstjóra | | Eptir skýrslum búnaðarfjelaga | |
|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... ... | 18.949 | faðm. | ... ... ... ... ... | 21.093 faðm. |
| 1896... ... ... ... ... ... | 22.480 | —— | ... ... ... ... | 29.023 —— |
| 1897 ... ... ... ... ... | 24.329 | —— | ... ... ... ... ... | 26.752 —— |
| 1898... ... ... .. ... ... | 21.494 | —— | ... ... ... ... | 29.647 —— |
| 1899 ... ... ... ... ... | 24.936 | —— | ... ... ... ... ... | 23.466 —— |

Í skýrslum hreppstjóra er allt af talið minna af þessum görðum, en í skýrslum búnaðarfjelaga, nema síðasta árið. En þess ber að geta, að í hinum síðari eru taldir varnargarðar um engi, sem nokkuð eru farnir að tíðkast, og í hinum fyrrnefndu, ef til vill, ekki garðar um sáðreiti.

*Garðar* þeir sem *búnaðarfjelögin* telja fram skiptast þannig niður, svo langt sem þær skýrslur ná.

Af þeim voru *einhlaðnir grjótgarðar*:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... | 3.224 | faðm. | 1898... ... ... ... ... | 4.282 faðm. |
| 1896... ... ... ... ... | 4.095 | —— | 1899 ... .. ... ... | 5.549 —— |
| 1897 ... ... ... ... | 4.575 | —— | | |

Af þeim voru *tvíhlaðnir grjótgarðar*:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... | 4.345 | faðm. | 1898... ... ... ... ... | 6.325 faðm. |
| 1896... ... ... ... ... | 5.319 | —— | 1899 ... ... ... ... | 5.109 —— |
| 1897 ... ... ... ... | 5.998 | —— | | |

Af þeim voru *garðar* hlaðnir úr *torfi eg grjóti*:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... | 1.144 | faðm. | 1898... ... ... ... ... | 2.276 faðm. |
| 1896... ... ... ... ... | 1.818 | —— | 1899 ... ... ... ... | 1.472 —— |
| 1897 ... ... ... ... | 1.682 | —— | | |

Af þeim voru *torfgarðar*:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... | 12.380 | faðm. | 1898... ... ... ... ... | 16.764 faðm. |
| 1896... ... ... ... ... | 17.791 | —— | 1899 ... ... ... ... | 11.336 —— |
| 1897 ... ... ... ... | 14.493 | —— | | |

*Varnarskurðir* eru gjörðir alveg í sama tilgangi og varnargarðar. Af þeim hafa *búnaðarfjelögin* gjört eptir skýrslum þeirra:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... | 17.452 | faðm. | 1898... ... ... ... ... | 28.374 faðm. |
| 1896... ... ... ... ... | 21.967 | —— | 1899 ... ... ... ... | 27.308 —— |
| 1897 ... ... ... ... | 16.471 | —— | | |

1893—99 hafa verið hlaðnar 43 mílur af alls konar görðum, og grafnir varnarskurðir sem voru 37 mílur á lengd.

Jafnframt varnarskurðum er unnið að *skurðum til vatnsveitinga*, eða til að rækta engi. Þessir skurðir hafa lengi verið taldir í hreppstjóraskýrslunum. Í fyrsta sinni 1853. þeir voru eptir *búnaðarskýrslunum*, sem optast eru nefndar hreppstjóraskýrslur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1853—55 meðaltal ... | 28.042 | faðm. | 1891—95 meðaltal ... | 25.652 faðm. |
| 1858—59 ... ... | 14.275 | —— | 1896... ... ... ... | 35.441 —— |
| 1861—69 meðaltal ... | 13.008 | —— | 1897 ... ... ... ... | 34.879 —— |
| 1871—80 —— ... | 23.494 | —— | 1898 ... ... ... | 38.566 —— |
| 1881—90 —— ... | 44.371 | —— | 1899 ... ... ... ... | 40.964 —— |

samskonar skýrslur gefa búnaðarfjelögin, en miklu fullkomnari, það sem þær ná fram í tíman. Þau telja lengdina í föðmum, og moldina sem burt er tekin í teningsfetum, því vatnsveitingaskurðir eru auðvitað mjög mismunandi að dýpt og breidd.

Búnaðarfjelögin hafa unnið þá vatnsveitingaskurði, sem nú eru taldir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... ... ... ... ... | 23.071 faðm. | 1.178.000 | teningsfet. |
| 1896 ... ... ... ... ... ... ... | 22.452 —— | 807.000 | ——— |
| 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... | 24.099 —— | 910.000 | ——— |
| 1898 ... ... ... ... ... ... ... | 33.148 —— | 1.194.000 | ——— |
| 1899 ... ... ... ... ... ... ... ... | 37.864 —— | 1.281.000 | ——— |

*Flóðgarðar* og *stíflugarðar* voru eptir skýrslum búnaðarfjelaga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... ... ... ... ... | 5.056 faðm. | 265.000 | teningsfet. |
| 1896 ... ... ... ... ... ... ... | 8.615 —— | 437.000 | ——— |
| 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... | 4.460 —— | 224.000 | ——— |
| 1898 ... ... ... ... ... ... ... | 9.609 —— | 442.000 | ——— |
| 1899 ... ... ... ... ... ... ... ... | 5.617 —— | 251.000 | ——— |

Flóðgarðarnir sem gjörðir hafa verið 1892—99 eru 11 mílur á lengd.

*Lokræsi* til þurkunar jarðvegi telja skýrslur búnaðarfjelaga:

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal | 694 mölræsi | faðm. | | 38 holræsi | faðm. | | 732 faðm. | samt. |
| 1896 ... ... ... | 1271 —— | —— | | 88 —— | —— | | 1359 —— | —— |
| 1897 ... ... ... | 1533 —— | —— | | 32 —— | —— | | 1565 —— | —— |
| 1898 ... ... ... | 1265 —— | —— | | 524 —— | —— | | 1789 —— | —— |
| 1899 ... ... ... ... | 1514 —— | —— | | 199 —— | —— | | 1713 —— | —— |

*Tala þeirra sem gjöra jarðabætur* innan búnaðarfjelaga var:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... ... | 1745 manns | 1898 ... ... ... ... | 2294 manns |
| 1896 ... ... ... ... | 2212 —— | 1899... ... ... ... | 2013 —— |
| 1797 ... ... ... ... ... | 2065 —— | | |

*Dagsverkin* sem þeir hafa unnið og látið vinna voru:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1893—95 meðaltal ... ... ... | 43.000 dagsverk | eða | 24 | dagsverk á | fjelagsmann. |
| 1896 ... ... ... ... ... ... | 59.000 —— | — | 27 | —— - | ——— |
| 1897 ... ... ... ... ... ... | 57.000 —— | — | 27 | —— - | ——— |
| 1898 ... ... ... ... ... ... | 70.000 —— | — | 30 | —— - | ——— |
| 1899 ... ... ... ... ... ... | 50.000 —— | — | 25 | —— - | ——— |

Sje hvert dagsverk sem jarðabótafjelögin hafa unnið metið til peninga og dagsverkið talið $2^1/_2$ króna, verða það 700,000 krónur, sem jarðabótafjelögin hafa lagt í jörðina á 7 árum.

## *Jarðarafurðir.*

*Taða og úthey.* Skýrslunum um jarðarafurðir var safnað mjög slælega framan af. Þetta var ný álaga á hreppstjórana og almenningur var þessum upplýsingum mótfallinn, því sumir hjeldu að skattur myndi verða lagður á eptir þeim, en nú eru þessar skýrslur nokkurn veginn í góðu lagi, og koma úr öllum hreppum og öllum kaupstöðum, þar á meðal Reykjavík, sem annars hefur lengi vantað.

Menn fengu af töðu og útheyi:

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1882—85 meðaltal ... ... | 280.590 | hestar | af | töðu | 595.268 | hestar | af | útheyi |
| 1886—90 —— ... ... | 381.842 | — | — | — | 765.378 | — | — | — |
| 1891—95 —— ... ... | 479.840 | — | — | — | 1.098.979 | — | — | — |
| 1896 ... ... ... ... ... | 499.091 | — | — | — | 1.092.049 | — | — | — |
| 1897 ... ... ... ... ... | 497.666 | — | — | — | 1.094.593 | — | — | — |
| 1898 ... ... ... ... ... | 569.570 | — | — | — | 1.242.156 | — | — | — |
| 1899 ... ... ... ... ... | 632.553 | — | — | — | 1.311.498 | — | — | — |

Hvernig taða og úthey vex kemur af því, að skýrslurnar eru allt af að verða betur og betur gjörðar frá hendi þeirra sem safna þeim, enda bera skýrslurnar úr hinum einstöku hreppum það með sjer, þegar fyrri ár eru borin saman við síðustu, einkum við 1899.

Sje töðuhesturinn látinn gilda 4 kr., og útheys hesturinn 2 kr. hefir:

taðan sem fjekkst í garð 1899 numið... ... ... ... ... ... ... 2.500.000 kr.
útheyið — —— - — — —— ... ... ... ... .. ... 2.623.000 —

og hey uppskeran öll verið 5.122.000 kr. eða 730 kr. á hvert býli.

*Jarðepli, rófur cg næpur* hafa verið talin þannig:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1885 ... ... ... | 2.953 | tunn. | af | kartöflum | 2.820 | tunn. | af | rófum | og | næpum |
| 1886—90 meðalt. | 6.045 | — | — | —— | 8.455 | — | — | — | — | — |
| 1891—95 —— | 11.395 | — | — | —— | 13.515 | — | — | — | — | — |
| 1896 ... ... ... | 13.026 | — | — | —— | 10.375 | — | — | — | — | — |
| 1897 ... ... | 11.951 | — | — | —— | 9.480 | — | — | — | — | — |
| 1898 ... ... ... | 12.752 | — | — | —— | 11.578 | — | — | — | — | — |
| 1899 ... ... | 14.293 | — | — | —— | 12.146 | — | — | — | — | — |

Reykjavík hefir gefið skýrslu síðasta árið. Öll uppskeran er, þegar kartöflutunnan er reiknuð á 8 kr., og rófu- og næputunnan á 5 kr.

Kartöflur verða þá ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 114.368.00
rófur og næpur ... ... .. ... .. .. ... ... ... ... ... — 60.740.00
eða samtals kr. 175.108.00

*Svörður* eða *mór* og *hrís* hafa verið taldir þannig í skýrslunum:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1885 ... ... ... ... ... ... ... ... | 124.742 | hestar | af | mó | 14.807 | hríshestar | |
| 1886—90 meðaltal ... ... ... ... ... | 139.425 | — | — | — | 12.359 | —— | |
| 1891—95 —— ... ... ... ... ... ... | 172.953 | — | — | — | 10.287 | —— | |
| 1896 .. ... ... ... ... ... ... ... | 194.669 | — | — | — | 9.265 | —— | |
| 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... | 198.458 | — | — | — | 9.545 | —— | |
| 1898 ... ... ... ... ... ... ... ... | 213.639 | — | — | — | 11.642 | —— | |
| 1899 ... ... ... ... ... ... ... ... | 207.610 | — | — | — | 10.312 | —— | |

Af skýrslunum má sjá, að mótekja eykst töluvert, því þessum skýrslum hefir lengi verið safnað, en að hrísrif heldur minkar.

Mórinn sem upp var tekinn 1899 var (hesturinn talinn á 50 aur.) kr. 100.000.00
hrís hjer um bil ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 5.000.00
Samtals kr. 105.000

Sje verðið að marka, jafngildir mórinn og hrísið 26 þúsund skippundum af kolum.

Þessar jarðarafurðir eru allar metnar til peninga hjer um bil 5.400 þúsund króna virði 1899.

---

Athugas. Þegar ræktað land er lagt saman á öllu landinu á það að vera 54,517 dagsláttur.

# Yfirlit

## yfir skýrslu um virðingarverð húseigna 1899, með hliðsjón af fyrri árum.

Skýrslan nær yfir kaupstaðarhús, og önnur hús, sem ekki fylgja jörðu sem metin er til dýrleika í jarðamatinu. Undanþegin eru hús, sem ekki eru virt á fullar 500 kr. og þeirra er því víðast ógetið, eins og sjá má af töflunni hjer í yfirlitinu yfir virðingarverðshæð hinna skattskyldu húsa af dálkinum undir 500 kr. Ennfremur falla burtu kirkjur og skólahús eptir lögunum, en Reykjavíkur dómkirkja, latínuskólinn, prestaskólinn og Möðruvallaskólinn, og barnaskólinn í Reykjavík eru þó taldir hér. Sömuleiðis allar opinberar byggingar, sem eru landssjóðseign, þótt þær ekki sjeu skattskyldar.

*Tala húseigna.* Húseign eru þau hús talin, sem notuð eru með sama íbúðarhúsi, verzlunarbúð, eða t. d. hvalfangaraveiðistöð. Ein húseign er þannig opt mörg aðskilin hús ýmist stór eða smá. Vanalegasta húseign er eitt íbúðarhús og 1 eða 2 skúrar, sem allt getur verið laust hvað við annað. Stundum er eitt hús, sem tveir menn eru eigendur að talið 2 húseignir, en þó mun það vera mjög sjaldan. Það veldur opt ruglingi í húseignatölunni, að skólahúsum er stundum sleppt, en stundum eru þau talin, og áður hefir það opt valdið ruglingi, að húsum hefir verið sleppt úr skattskýrslunum, þegar þau hafa verið svo hátt veðsett, að engan skatt hefur átt að greiða af þeim. Þessi aðferð hefur nú í mörg ár verið lögð niður hjer um bil um allt land, og nú er komin festa á það, hver hús eru nefnd í skattaskýrslunum.

Frá því 1879 hefir tala húseigna á Íslandi stöðugt hækkað ár frá ári, nema árin 1888, og 1889. Húseignatalan var

| | | |
|---|---|---|
| árið 1887 | 1021 | húseignir |
| — 1888 | 1003 | ——— |
| — 1889 | 999 | ——— |

og fækkaði þá um 22 húseignir. Aðalástæðan var að ýms norsk slídarhús voru rifin og flutt burtu af landinu, en stæðstu kaupstaðirnir báðir, Reykjavík og Ísafjörður, höfðu byggst yfir sig, árferði var hið versta 1887, og eptir 1886 breyttist lánsmarkaðurinn svo, að á fyrsta veði átti að nndurborga $^1/_{10}$ á ári af höfuðstólnum af bankalánum, áður hafði borgunarfrestur verið 28 ár, eða alls engar afborganir ákveðnar. Kaupstaðirnir stóðu því í stað. Samt hækkaði virðingarverð kaupstaðarhúsa þessi ár.

Húseignunum hefir fjölgað hjer svo fljótt að furðu gegnir. Eptirfarandi tölur sýna það bezt. Þessar húseignir voru:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1879 | 394 | 1896 | 1311 |
| 1880 | 418 | 1897 | 1453 |
| 1885 | 923 | 1898 | 1568 |
| 1890 | 1088 | 1899 | 1694 |
| 1895 | 1218 | | |

Hjer er talið 5 hvert ár, í stað 5 ára meðaltals, af því tölurðin fer allt af hækkandi.

Tala húseigna 1873 var tvöfölduð 1883—84, þrefölduð 1893—94 og ferfölduð 1898. 1899 standa þar 4.3 hús á landinu þar sem áður stóð eitt.

Eptir fólksfjöldaskýrslunum hefir fjölgað hjer á landi frá 1880—98 um 3800 manns, sem svarar eitthvað 630 kaupstaðarheimilum, en tölu þessara húsa hefir fjölgað á sama tíma um ... 1174 hús

Þeim hefir fjölgað næstum helmingi meira en heimilafjölguninni svarar, og það sýnir að fleiri yfirgefa sveitir og sveitabúskap, en fólksfjölguninni svarar.

*Virðingarverð húseigna*, hefir hækkað árlega frá 1879—99, eða í 20 ár. Það var:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1879 ... ... ... ... | 1.665 þús. kr. | 1896 ... ... ... | 5.269 þús. kr. |
| 1880 ... ... ... ... ... | 1.796 — — | 1897 ... ... ... ... | 5.816 — — |
| 1885 ... ... ... ... | 3.476 — — | 1898 ... ... ... | 6.460 — — |
| 1890 ... ... ... ... ... | 4.143 — — | 1899 ... ... ... ... | 7.213 — — |
| 1895 ... ... ... ... | 4.976 — — | | |

Eignin sem stendur í þessum húsum hjer á landi hefir hækkað um 5.548 þús. kr. á 20 árum, að jafnaði um 277 þús. kr. á hverju ári, eða 1.110 þús. kr. á hverjum 4 árum.

Virðingarverðið 1879 hefir tvöfaldast 1884—85, þrefaldast 1895, og ferfaldast seint á árinu 1898 eptir manntalsþing. Það vex mjög misjafnt eptir árferði og ýmsum kringumstæðum. Við virðingarverðið hafa bætt á einstökum árum:

| | |
|---|---|
| frá 1881—82 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 600 þús. kr. |
| — 1896—97 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 547 — — |
| — 1897—98 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 644 — — |
| — 1898—99 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 753 — — |

þrjú síðustu árin í röð eru öll óvenjulega há. Vöxturinn síðustu árin mun koma af þröngum búnaðarhögum í sveitunum, af því að bátfiski er eyðilagt við Faxaflóa, og þar komin þilskipaútvegur í staðinn, sem dregur fiskimenn til Reykjavíkur. Vesturheimsflutningar hafa svo að segja engir verið nema árið 1899, svo að þeir sem hafa yfirgefið landbúnaðinn hafa aðeins farið til kaupstaðanna við sjóinn. 1881—82 eptir hörðu árin kom það sama fram, að kaupstaðirnir uxu á einu ári um 600 þús. kr., eða $^1/_4$ af því sem þeir kostuðu þá. — Þegar þrengt hefir að hag sveitabænda, vaxa kaupstaðirnir á eptir, en þegar kaupstaðirnir hafa fengið fleira fólk, en þeir geta fætt, klætt og hýst, má búast við fólksflutningum af landi burt, nema einhverjir gamlir atvinnuvegir verði breikkaðir, eða nýir atvinnuvegir lagðir.

Af húsunum sem talin eru í skýrslunum eru opinberar byggingar 1899 sem ekki eru skattskyldar þessar:

| | | |
|---|---|---|
| Í Reykjavík | Alþingishúsið virt á ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. 110.000 |
| | Latínuskólinn virtur á ... ... ... ... ... ... ... ... | — 77.520 |
| | Dómkirkjan virt á ... ... ... ... ... ... ... ... | — 56.403 |
| | Hegningarhúsið virt á ... ... ... ... ... ... ... ... | — 30.900 |
| | Landshöfðingjahúsið virt á ... ... ... ... ... ... ... | — 26.751 |
| | Póststofan virt á ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 28.851 |
| | Barnaskólahúsið virt á ... ... ... ... ... ... ... ... | — 61.413 |
| | Stýrimannaskólinn virtur á ... ... ... ... ... ... ... | — 20.805 |
| | Sjúkrahúsið ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 17.703 |
| | Holdsveikraspítalinn virtur á ... ... ... ... ... ... ... | — 130.265 |
| | Landsbankinn virtur á ... ... ... ... ... ... ... ... | — 83.000 |
| | Bókhlaða latínuskólans virt á ... ... ... ... ... ... ... | — 17.001 |
| | Prestaskólahúsið virt á ... ... ... ... ... ... ... ... | — 2.481 |
| | Líkhúsið virt á ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 1.401 |
| | Leikfimishús barnaskólans virt á ... ... ... ... ... | — 2.349 |
| | | Samtals kr. 666.843 |

| | | |
|---|---|---|
| Í Vestmannaeyjum. | Fangelsi virt á ... ... ... ... ... ... ... ... kr. | 584 |
| Í Stykkishólmi. | Fangelsi virt á ... ... ... ... ... ... ... — | 7.500 |
| Á Ísafirði | Fangelsi virt á ... ... ... ... ... ... ... ... — | 5.000 |
| Á Akureyri | Fangelsi virt á ... ... ... ... ... ... ... — | 9.500 |
| Í Eyjafjarðarsýslu. | Möðruvallaskólinn virtur á ... ... ... ... ... — | 27.000 |
| Á Eskifirði | Fangelsi virt á ... ... ... ... ... ... ... — | 2.300 |
| | Samtals kr. | 718,727 |

Nú sem stendur eru opinberar byggingar $^1/_{10}$ af öllum þessum húsum að virðingunni til.

Virðingarverð einstakra kaupstaða og kauptúna var 1879, 1889 og 1899 eins og hjer segir:

| Kaupstaðir og kauptún: | 1879 | 1889 | 1899 |
|---|---|---|---|
| Vestmanneyjar ... ... ... ... | 51 þús. kr. | 87 þús. kr. | 83 þús. kr. |
| Eyrarbakki ... ... ... ... | 38 — — | 91 — — | 136 — — |
| Keflavík ... ... ... ... ... | 37 — — | 89 — — | 111 — — |
| Hafnarfjörður... ... ... ... | 78 — — | 140 — — | 209 — — |
| Reykjavík ... ... ... ... ... | 946 — — | 1893 — — | 3107 — — |
| Akranes ... ... ... ... ... | 17 — — | 54 — — | 68 — — |
| Stykkishólmur ... ... ... ... | 96 — — | 117 — — | 114 — — |
| Ólafsvík ... ... ... ... ... | 7 — — | 17 — — | 55 — — |
| Ísafjörður ... ... ... ... ... | 191 — — | 379 — — | 488 — — |
| Sauðárkrókur... ... ... ... | 24 — — | 64 — — | 122 — — |
| Akureyri ... ... ... ... ... | 122 — — | 207 — — | 399 — — |
| Vopnafjörður... ... ... ... | 15 — — | 57 — — | 77 — — |
| Seyðisfjörður ... ... ... ... | 63 — — | 238 — — | 354 — — |
| Eskifjörður ... ... ... ... | 43 — — | 102 — — | 136 — — |

Á þessum 20 árum hefir virðingarverð Ísafjarðar og Hafnarfjarðar $2^1/_2$ faldast; virðingarverð Reykjavíkur, Akureyrar, Keflavíkur og Eskifjarðar hefir 3 faldast; virðingarverð Sauðárkróks og Vopnafjarðar hefir 5 faldast; virðingarverð Seyðisfjarðar hefir $5^1/_2$ faldast, og Ólafsvíkur hefir 8 faldast, en hún var svo lítilfjörlegur kaupstaður 1879, að hennar gætti ekki.

Þegar ekki stærri þjóð en Íslendingar eru, setur 5.550 þús. krónur fastar í húseignir á 20 árum, þá hljóta að koma upp peningavandræði (Krise), enda hefir borið töluvert á þeim síðustu 3 ár. Þau hafa þó ekki eingöngu að rekja rót sína til húsabygginganna, heldur til þess, að markaður fyrir lifandi fje hefir verið lokaður á Englandi, en fjárkaup þeirra voru landsins helzta peningalind.

Virðingarverðið nær ekki til kaupstaðarlóðanna, svo kaupstaðirnir, einkum þeir stærri eru miklu dýrari, en hjer hefir verið sagt. Eptir lauslegri áætlun munu lóðirnar í Reykjavík vera 775.000 kr. virði, og í góðum árum væru þær víst 1 miljónar króna virði. Hvað lóðir annarsstaðar eru verðar, brestur kunnugleik til að gizka á, og ef þjóðareignin væri gjörð upp við áramótin 1900—01 yrði annaðhvort að sleppa þeim eða gizka á upphæðina.

Til að menn geti gjört sjer í hugarlund eldsvoðahættuna hjer á landi er sett eptirfylgjandi tafla:

## Tafla yfir virðingarverð húseigna 1899, eptir því hve hátt húsin eru virt.

| Kaupstaðir eða hvar húsin eru: | Undir 500 kr. | 500—2,000 kr. | 2,001 — 4,000 kr. | 4,001 — 6,000 kr. | 6,001 — 8,000 kr. | 8,001 — 10,000 kr. | 10,001 — 15,000 kr. | 15,001 — 20,000 kr. | 20,001 — 30,000 kr. | 30,001 — 40,000 kr. | 40,001 — 50,000 kr. | 50,001 — 100,000 kr. | Yfir 100,000 kr. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Papós og Vík | ... | 2 | 1 | ... | ... | ... | ... | 2 | ... | .. | ... | ... | ... | 5 |
| Vestmannaeyjar | ... | 26 | 4 | 2 | ... | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | 33 |
| Eyrarbakki | ... | 44 | 4 | 3 | ... | ... | .. | 1 | ... | ... | ... | 1 | ... | 53 |
| Stokkseyri | ... | 14 | 4 | 4 | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 23 |
| Þorlákshöfn | ... | ... | ... | .. | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 1 |
| Keflavík | 1 | 14 | 5 | ... | .. | 2 | ... | 1 | 2 | ... | ... | ... | ... | 25 |
| Hafnarfjörður | ... | 56 | 5 | 3 | 1 | 1 | 1 | ... | 1 | 1 | ... | ... | ... | 69 |
| Önnur hús í Gullbringu- og Kjósarsýslu | ... | 12 | 4 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 16 |
| Reykjavík | 88 | 200 | 148 | 57 | 40 | 15 | 42 | 16 | 10 | 2 | 3 | 4 | 2 | 627 |
| Akranes | 16 | 26 | 3 | 2 | 2 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 49 |
| Borgarnes og Straumfjörður | ... | 3 | ... | 2 | ... | ... | 2 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 7 |
| Búðir | ... | ... | 1 | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 2 |
| Ólafsvík | ... | 14 | 4 | 1 | 2 | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 22 |
| Stykkishólmur | ... | 6 | 4 | ... | 4 | 4 | 1 | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | 20 |
| Dalasýsla | ... | 2 | ... | 2 | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 5 |
| Flatey | ... | 5 | 4 | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | 10 |
| Patriksfjörður og Vatneyri | ... | 8 | 1 | 1 | ... | 1 | 3 | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | 15 |
| Önnur hús í Barðastrandarsýslu | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | 1 |
| Bíldudalur | ... | 8 | 9 | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | 18 |
| Þingeyri | ... | 6 | 4 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | 11 |
| Flateyri | ... | 7 | 3 | 3 | ... | ... | 2 | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | 16 |
| Ísafjörður | 3 | 44 | 38 | 12 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 | 2 | ... | ... | ... | 114 |
| Önnur hús í Ísafjarðarsýslu | 4 | 27 | 3 | 1 | ... | 1 | ... | ... | ... | 2 | 2 | 2 | ... | 42 |
| Reykjarfjörður | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 1 |
| Borðeyri | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | 2 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 3 |
| Flutt | 112 | 525 | 250 | 93 | 56 | 29 | 58 | 25 | 14 | 9 | 5 | 10 | 2 | 1188 |

Tafla yfir virðingarverð húseigna 1899, eptir því hve hátt húsin eru virt. (Framh.).

| Kaupstaðir eða hvar húsin eru: | Undir 500 kr. | 500—2,000 kr. | 2,001—4,000 kr. | 4,001—6,000 kr. | 6,001—8,000 kr. | 8,001—10,000 kr. | 10,001—15,000 kr. | 15,001—20,000 kr. | 20,001—30,000 kr. | 30,001—40,000 kr. | 40,001—50,000 kr. | 50,001—100,000 kr. | Yfir 100,000 kr. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fluttar | 112 | 525 | 250 | 93 | 56 | 29 | 58 | 25 | 14 | 9 | 5 | 10 | 2 | 1188 |
| Blönduós | ... | 1 | 2 | ... | ... | ... | ... | 1 | 1 | ... | ... | ... | ... | 5 |
| Hólanes | ... | 2 | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 3 |
| Skagaströnd | ... | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 1 |
| Kólkuós | ... | 3 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | 3 |
| Sauðárkrókur | ... | 20 | 8 | 4 | 2 | 1 | 2 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 37 |
| Hofsós | ... | 4 | ... | 1 | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 5 |
| Siglufjörður | ... | 7 | 1 | ... | ... | .. | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | 9 |
| Akureyri | 1 | 49 | 24 | 12 | 6 | 2 | 1 | 4 | 1 | 1 | ... | ... | .. | 101 |
| Önnur hús í Eyjafjarðarsýslu | ... | 9 | 2 | 2 | .. | ... | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | 14 |
| Húsavík | ... | 2 | 1 | 2 | ... | 1 | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | 7 |
| Önnur hús í Þingeyjarsýslu | .. | 1 | 1 | . | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 3 |
| Vopnafjörður | 1 | 13 | 2 | ... | 4 | ... | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | 21 |
| Seyðisfjörður | ... | 44 | 35 | 5 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | ... | ... | ... | ... | 96 |
| Önnur hús í Norðurmúlasýslu | ... | 31 | 7 | ... | 1 | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 40 |
| Eskifjörður | ... | 24 | 5 | 2 | 1 | ... | 2 | ... | 1 | 1 | ... | ... | ... | 36 |
| Djúpivogur | ... | 8 | ... | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | 9 |
| Önnur hús í Suðurmúlasýslu | ... | 83 | 18 | 5 | 3 | ... | 3 | 2 | 2 | ... | ... | ... | ... | 116 |
| Á öllu landinu | 114 | 826 | 357 | 126 | 76 | 37 | 70 | 36 | 24 | 11 | 5 | 10 | 2 | 1694 |
| Samtals 1898 | 176 | 699 | 328 | 111 | 66 | 37 | 68 | 31 | 22 | 13 | 4 | 9 | 1 | 1565 |
| Samtals 1891 | 201 | 457 | 190 | 83 | 54 | 28 | 48 | 25 | 22 | 7 | 2 | 2 | 1 | 1120 |
| Samtals 1883 | 150 | 323 | 107 | 43 | 30 | 25 | 30[1] | 14 | 13 | 6 | 2 | 1 | 1 | 745 |

1) Í yfirlitinu er þsssi tala 48, sem er rangt.

Að meðaltali eru þessi hús 4258 kr. virði. Þess ber að geta, að árið 1899 eru hús, sem eru virt á 500 kr., talin með húsum, sem eru 500—2000 kr., því þau ná því að vera skattskyld; áður hafa þau verið talin í fyrsta dálkinum »undir 500 kr.«. 1899 er meira en helmingur allra þessara húsa undir fullum 2000 kr. Meira en $^3/_4$ hlutar eru undir 4000 kr., 91 af 100 húsum eru undir 10,000 kr., en að eins 9% yfir. Landsmenn byggja ekki stórhýsi, enda er erfitt að byggja, til að græða á húsum, eins og lánsmarkaðurinn er nú, þegar ekki er unnt að láta veðskuld standa á fyrsta veðrjetti án afborgana, og kaup og sala á öðrum húsum en verzlunarhúsum næstum því ekki á sjer stað, og sjaldan getur átt sjer stað, meðan allt kaupverð húsa verður að greiðast til fulls á 10—20 árum. Menn byggja því að eins handa sjálfum sjer, og svo ódýrt, sem unnt er, til þess að afborganirnar ekki gjöri eigandann gjaldþrota á miðri leið.

*Reykjavík* vex enn með all-miklum hraða, ekki sízt frá 1898 til 1899. Ýmsar opinberar byggingar valda því jafnframt byggingum einstakra manna. Virðingarverð húsanna í bænum hefur vaxið þannig:

| | | |
|---|---|---|
| það var 1879 | ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 946 þús. kr. |
| — — 1889 | ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1893 — — |
| — — 1899 | ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... | 3107 — — |

það tvöfaldast á fyrra 10 ára tímabilinu, en ekki á hinu síðara. Virðingarverðið 1889 verður væntanlega tvöfaldað 1902, nema því hagstæðari breyting komi á almannafjárhag Íslands; komi hún er ekki unnt að segja fyrir framfarir Reykjavíkur, þær geta þá orðið mjög miklar. Eptir því hvernig fólksfjöldi bæjarins hefir aukist á 19. öldinni má gizka á, að bærinn hafi 10,000 íbúa nálægt 1923. Ef lánsmarkaðurinn breyttist mjög til hins betra, gæti það orðið miklu fyrr.

*Þinglýstar veðskuldir* hafa, sem eðlilegt er, ávallt vaxið jafnframt virðingarverðinu. Þær hafa verið:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1879 ... ... .. .. | 253 þús. kr. | 1896 ... ... ... ... | 1.309 þús. kr. |
| 1880 ... ... ... | 267 — — | 1897 ... ... ... | 1.499 — — |
| 1885 ... ... ... ... | 469 — — | 1898 ... ... .. ... | 1.592 — — |
| 1890 ... ... ... | 1.004 — — | 1899 .. ... ... | 1.911 — — |
| 1895 ... ... ... ... | 1.267 — — | | |

Þessar veðskuldir eru þó eptir 1886 sjálfsagt nokkuð hærri í skýrslunum, en í raun og veru. Afborgunum er ekki aflýst, nema við og við, og menn hafa hag af að aflýsa þeim ekki, nefnilega þann, að á meðan afborguninni ekki er aflýst, þarf ekki að borga húsaskatt af þeirri upphæð, sem afborguð er. Það kostar líka dálítið einu sinni fyrir allt, að láta aflýsa borgaðri skuld.

Aptur á móti væri meira veðsett af kaupstaðarhúsum utan Reykjavíkur, ef þau væru í vátrygging, en því er ekki að fagna, og ef peningar fengjust með aðgengilegum kjörum.

Þessar tölur sýna hve fjarska mikið tala þessara manna hefir vaxið; úr 12800 manns 1886—90 og uppfyrir 16200 (þó þrjá kaupstaðina vanti) 1897. Leysing vistarbandsins hlýtur að hafa haft mikil áhrif hjer. Nú geldur 5. hvert mannsbarn til sveitar.

3. Afgjöld af jörðum, sem áður voru nefnd afgjöld af kristfjárjörðum voru:

| | |
|---|---|
| 1872—75 að meðaltali | 2781 kr. |
| 1876—80 — —— | 4331 — |
| 1881—85 — —— | 4665 — |
| 1886—90 — —— | 6248 — |
| 1891 | 12725 — |
| 1892 | 13833 — |
| 1893 | 14728 — |
| 1894 | 15255 — |
| 1895 | 9621 — |
| 1891—95 að meðaltali | 13232 — |
| 1896 | 12526 — |
| 1897 | 12825 — |

Hjer eru taldar með ýmsar tekjur af fasteignum í kaupstöðum, eignum fátækrasjóðanna, lóðargjöld, hagatollar o. s. frv., sem hækka þessar tekjur fjarska mikið, annars væru þær naumast helmingur þess, sem þær nú eru taldar.

4. Vextir af viðlagasjóðum. Þessar skýrslur voru fyrst nefndar skýrslur um efnahag sveitasjóðanna, og aðalatriðið sýnist því að hafa verið, að sýna hvað sveitasjóðirnir ættu og hverjar skuldir hvíldu á þeim. Í gömlu skýrslunum eru þessi atriði þess

vegna einna bezt skýrð. Síðar hefir þessi skoðun breyzt á þann hátt, að það er ekki búist við því, að hrepparnir eigi neitt sem teljandi sje, það er ekki álitið líklegt, að þeir leggi upp. Stórborgir annarstaðar eru skuldugar um hundruð af milljónum, Reykjavík er skuldug um 100000 kr. eða meira. Nú vilja menn sýna með skýrslunum hver sú byrði er sem þjóðin ber árlega, og þess vegna er lögð minni áherzla á eignir og skuldir, en á hitt. 1855 áttu hrepparnir á Íslandi inni í ríkissjóði, eptir reikningi landfógeta sama ár ýmist uppá 4% eða $3^1/_2$%.

| Hrepparnir | áttu kr, | þar af 4%. | þar af $3^1/_2$ % |
|---|---|---|---|
| Í Suðuramtinu | 23426 | 11071 kr. | 12355 kr. |
| Í Vesturamtinu | 1643 | 1001 — | 642 — |
| Í Norður- og Austuramtinu | 15014 | 5000 — | 10014 — |
| Samtals | 40083 kr. | 17072 kr. | 23011 kr. |

Árstekjur af þessari eign voru kr. 1487,30. Þessar tekjur hafa verið síðan 1872 þessar:

| | |
|---|---|
| 1872—75 að meðaltali | 617 kr. |
| 1876—80 — —— | 944 — |
| 1881—85 — —— | 984 — |
| 1886—90 — —— | 797 — |
| 1891 | 644 — |
| 1892 | 778 — |
| 1893 | 1060 — |
| 1894 | 979 — |
| 1895 | 1036 — |
| 1891—95 að meðaltali | 899 — |
| 1896 | 1185 — |
| 1897 | 1267 — |

Eignir sveitasjóðanna í skuldabrjefum eru minni nú en þau voru 1855. Líklega er það vottur um velmegunina um miðja nítjándu öldina. 1872—80 eru þessar tekjur lágar, því skuldabrjefin hafa verið seld, en eptir 1891 fara vextirnir af þeim að hækka aptur, sem væntanlega er vottur um, að 1891—95 er velmegun hér á landi mikil aptur, þótt búnaði hafi hnignað eptir það. Ef jarðeignir og viðlagasjóðstekjurnar eru gjörðar að vöxtum af höfuðstól, svara eignir sveitasjóðanna 1891—95 til fjárstofns í peningum:

| | |
|---|---|
| Viðlagasjóðir | kr. 22500,00 |
| Jarðeignir og fasteignatekjur | — 330800,00 |
| | kr. 353300,00 |
| 1889 voru þær reiknaðar á sama hátt | kr. 145200.00 |

5. Fátækratíund af föstu og lausu hefir verið þessi ár:

| | |
|---|---|
| 1872—75 að meðaltali | 25719 kr. |
| 1876—80 — —— | 20086 — |
| 1881—85 — —— | 24888 — |
| 1886—90 — —— | 21717 — |
| 1891 | 21117 — |
| 1892 | 23181 — |
| 1893 | 24574 — |
| 1894 | 22817 — |
| 1895 | 23146 — |

| | |
|---|---|
| 1891—95 að meðaltali ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 22967 kr. |
| 1896 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 23698 — |
| 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 24855 — |

Fátækratíund af fasteign er sama að álnatalinu til síðastu árin, eptir að jarðamatinu var breytt í Rangárvalla- og Skaptafellssýslu. Fátækratíund af lausafje færist upp og niður eptir því hvernig árar í sveitunum. síðustu árin hefur þilskipaútvegurinn þokaði henni upp. Öll tíundin færist upp eða niður, reiknuð til peninga, eptir því hvert verðlagsskráin er há eða lág.

6. Aukaútsvör. Þau eru eins og kunnugt er aðaltekjugrein sveitasjóðanna, og með þeim eru borguð öll útgjöld, sem fátækratíund og tekjur af eignum, hundaskattur, gjöld til hreppavega og ýmislegar tekjur (svo sem endurborgaður sveitarstyrkur) ekki hrökkva fyrir. Það hefur áður verið venja, að telja gjöldin til sýslusjóðs og sýsluvega, sem sjerstaka tekjugrein, þótt þau hafi verið lögð á með aukaútsvarinu. Þess vegna hafa þessi sjerstöku gjöld verið lögð við auka-útsvarið þau árin hjer í yfirlitinu, og það sett upp í tveimur dálkum.

Aukaútsvörin hafa verið:

| | Eptir hreppareikningunum | Að meðtöldu sýslusjóðs og sýsluvegagjaldi |
|---|---|---|
| 1872—75 að meðaltali ... ... ... ... ... | 216.235 kr. | 216.235 kr. |
| 1876—80 — —— ... ... ... ... ... | 215.449 — | 228.702 — |
| 1881—85 — ——... ... ... ... ... ... | 188.245 — | 206.553 — |
| 1886—90 — —— ... ... ... ... ... | 217.332 — | 237.210 — |
| 1891 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 199.262 — | 217.287 — |
| 1892 ... ... ... ... ... ... ... ... | 182.013 — | 197.962 — |
| 1893 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 197.396 — | 197.396 — |
| 1894 ... ... ... ... ... ... ... ... | 204.818 — | 204.818 — |
| 1895 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 205.699 — | 205.699 — |
| 1891—95 að meðaltali... ... ... ... ... | 198.838 — | 204.632 — |
| 1896 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 194.254 — | 194.254 — |
| 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... | 202.921 — | 202.921 — |

Árið 1893 og síðar fellur sýslusjóðs- og sýsluvegagjald burtu, sem sjerstök tekjugrein. Af þessum tveimur dálkum er það síðari dálkurinn, sem sýnir aukaútsvarið betur og rjettar. Í yfirlitinu framvegis verður fyrri dálkurinn feldur burtu.

7. Skýrslurnar telja niðurjafnað gjald til hreppavega bæði tekjumegin og útgjaldamegin á þennan hátt:

| | Niðurjafnaðar tekjur til hreppav. | Útgjöld til hreppav. | Útgjöld fram yfir tekjur |
|---|---|---|---|
| 1876—80 að meðaltali ... ... | 5.453 kr. | 6.389 kr. | 936 kr. |
| 1881—85 — —— ... ... | 6.414 — | 8.425 — | 2.011 — |
| 1886—90 — —— ... ... ... | 7.441 — | 9.466 — | 2.075 — |
| 1891 ... ... ... ... ... ... | 4.844 — | 5.070 — | 226 — |
| 1892 ... ... ... ... ... ... | 6.373 — | 7.040 — | 668 — |
| 1893 ... ... ... ... ... ... | 10.725 — | 10.724 — | ÷ 1 — |
| 1894 ... ... ... ... ... ... | 11.180 — | 11.194 — | 14 — |
| 1895 ... ... ... ... ... ... | 12.220 — | 12.691 — | 471 — |
| 1891—95 að meðaltali.. ... ... | 9.068 — | 9.344 — | 276 — |
| 1896 ... ... ... ... ... ... | 9.871 — | 10.119 — | 248 — |
| 1897 ... ... ... ... ... ... | 9.789 — | 10.626 — | 837 — |

Taflan sýnir að niðurjöfnuð útgjöld til hreppavega hafa vaxið um helming frá 1876—95, síðan hafa þau aptur lækkað nokkuð, líklega vegna þeirra erfiðleika, sem landbúnaðurinn hefur átt að berjast við síðari árin.

Dagsverkin eru nú alveg horfin nema í einni eða tveimur sýslum, og þar hafa þau verið reiknuð til peninga í skýrslunum hjer að framan. Vera má að þeim sje samt jafnað niður á hreppsbúa enn þá, þó það sjáist ekki.

Útgjöldin til hreppavega eru 50—60 kr. á hvern hrepp, og fyrir það má leggja hjer um bil 20 faðma langan veg á ári í hverri sveit.

8. Refatollur og kostnaður til refaveiða hefur verið þessi ár:

| | Refatollur | Kostnaður til refaveiða |
|---|---|---|
| 1876—80 að meðaltali | 2334 kr. | 3430 kr. |
| 1881—85 — —— | 3906 — | 6040 — |
| 1886-90 — —— | 3573 — | 5578 — |
| 1891 | 3300 — | 5840 — |
| 1892 | 3639 — | 7453 — |
| 1893 | | 9994 — |
| 1894 | | 9681 — |
| 1895 | | 9883 — |
| 1891—95 að meðaltali | | 8570 — |
| 1896 | | 10619 — |
| 1597 | | 11381 — |

Eptir 1892 er refatolli jafnað niður með sveitarútsvörunum, og því er hætt að tilfæra hann sem sjerstaka tekjugrein í reikningum sveitasjóðanna, öll þau ár fór töluvert meira til refaveiða, en refatollinum numdi, sum árin, eins og 1892 voru útgjöldin helmingi hærri en tollurinn.

Útgjöldin til refaveiða eru einskonar herkostnaður sem landið ber, og það er merkilegt, að 10,000 kr. á ári skuli ekki nægja til að gjöreyða þessari dýrategund, sem jafnframt verður að berjast við grimmustu vetrarharðindi á fjöllunum allan veturinn.

9. Hundaskatturinn gamli var aldrei nein tekjugrein nema á pappírnum, lögunum 25. júní 1869 var aldrei hlýtt eða framfylgt neinstaðar á landinu nema í Reykjavík og á Ísafirði. Gamli hundaskatturinn var:

1876—80 ... ... ... ... ... ... ... ... ... 55 kr. að meðaltali árlega.

Nýju lögin hafa fengið mikið betri byr, og það lítur út fyrir, að þeim sje fylgt allrækilega, því nú nemur hundaskatturinn:

| | |
|---|---|
| 1893 | 16.468 kr. |
| 1894 | 14.618 — |
| 1895 | 13.076 — |
| 1896 | 14.839 — |
| 1897 | 15.252 — |

10. Óvissar tekjur eða ýmislegar tekjur eru vanalega mjög há tekjugrein og í þeim felast allar þær tekjur sveitasjóðanua, sem ekki eru nefndar hjer að framan. Þær eru eptirlátnir munir þurfamanna og endurgoldin sveitarlán, tillög frá ættingjum þeirra, gjafir til fátækra afhentar sveitasjóðum, sektir (þar með sektir af fiskiveiðum og hvalflutningi á helgum), andvirði óskilafjár, bráðabyrgðarlán sem sveitasjóðirnir taka og sjerstakar tekjur af barnaskólum, sem sveitin styrkir. Þessar tekjur hafa verið:

| | |
|---|---|
| 1872—75 að meðaltali ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 105183 kr. |
| 4876—80 — —— ... .. ... .. ... ... ... ... ... ... ... .. | 85484 — |
| 1881—85 — —— ... ... ... ... ... .. ... ... ... ... ... | 61340 — |
| 1886—90 — —— ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 122614 — |
| 1891 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... ... | 106822 — |
| 1892 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 133353 — |
| 1893 .. ... ... .. ... ... ... ... .. ... ... ... ... ... ... | 109880 — |
| 1894 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... | 84423 — |
| 1895 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 97738 — |
| 1891—95 að meðaltali ... ... ... ... . . ... ... ... ... ... | 106443 — |
| 1896 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 72990 — |
| 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... ... | 90313 — |

## Útgjöld sveitasjóðanna.

11. Tala þeirra sem þiggja af sveit, er ekki ávalt tilgreind svo sem æskilegt væri. Það lagast víst ekki fyrr en sveitirnar verða látnar gefa sjerstakar skýrslur um þá sem eru á sveit aldur þeirra og kynferði Tala þeirra hefir verið borin saman við fólksfjölda:

| | Fólks-tala | Sveitar-ómagar | Þurfa-heimili | Sam-tals |
|---|---|---|---|---|
| Árið 1840 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 57094 | ..... | ..... | 1961 |
| —— 1850 ... ... ... ... ... ... ... ... . . | 59157 | .. ... | ..... | 1244 |
| —— 1861 ... ... .. ... ... ... ... ... ... ... | 66987 | ..... | ..... | 3061 |
| —— 1871 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 69773 | ..... | ..... | 5126 |
| Árin 1872—75 að meðaltali ... ... ... .. ... | 70440 | 4007 | 648 | 4655 |
| —— 1876—80 — —— ... ... ... ... ... | 71777 | ..... | ..... | 3802 |
| —— 1881—85 — —— .. ... ... ... ... | 71225 | 2940 | 182 | 3122 |
| —— 1886—90 — —— ... ... ... ... | 70260 | 2870 | 976 | 3846 |
| Árið 1891 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 70494 | 2468 | 897 | 3365 |
| —— 1892 ... ... ... ... . . ... ... ... | 71221 | 2135 | 900 | 3035 |
| —— 1893 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 71685 | 2209 | 338 | 2547 |
| —— 1894 ... ... ... ... ... ... ... ... | 72172 | 2011 | 381 | 2392 |
| —— 1895 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 73449 | 2010 | 401 | 2411 |
| Árin 1891—95 að meðaltali ... ... ... ... | 71805 | 2167 | 583 | 2750 |
| Árið 1896 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 74681 | 2067 | 232 | 2299 |
| —— 1897 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 75663 | 2145 | 218 | 2363 |

Tala þeirra sem þiggja af sveit lækkar um þriðjung frá 1840 til 1850. Eptir það ferfaldast hún frá 1850 til 1871. 1850 er hún það lægsta, sem hún hefir verið, og sýnir það meðal annars þá velmegun sem hefir verið hér um miðja öldina. Fra 1871—85 minnkar hún aptur um tvo fimmta hluti, en hækkar aptur á hallæristímabilinu 1886—90 uppí það sama, sem hún var 1876—80. Eptir það lækkar tala þessara manna ár frá ári til 1895, eða ef til vill til 1896, en það ár er ekki að marka, að svo stöddu, af því að skýrslur vanta úr 3 kaupstöðum landsins.

Sjerstaklega einkennilegt er með þurfaheimilin, hvernig tala þeirra gengur upp og niður. 1881—85 eru þau að meðaltali 182, sem kemur af því, að það eru ekki nema sumar sveitirnar, sem telja þau sjerstaklega. Þetta er orðið leiðrjett 1886—90, og þá eru þau næstum 1000, líklega hefir hallærið sorfið mest að búandi fólki. Frá 1891—95 fækkar þurfa-

heimilum úr 900 og niður í 400, og eptir það komast þau næstum því niður að 200. Það sýnir líklega bæði, að heimilum er sundrað undir eins og þau þurfa sveitarstyrk, og að það hefir verið auðveldara fyrir heimilisfeður að fá atvinnu síðari árin en hin fyrri. Þetta síðasta bendir á að atvinna hafi verið meiri að fá fyrir vinnandi menn en áður. Eptir því sem þilskipaútvegurinn vex verður minni lífshætta fyrir menn að stunda sjóinn, það fækkar líka þurfaheimilum.

Af hverjum 100 manns hafa verið á sveit á ýmsum tímum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1840 | 3.4 | eða 29. | hver maður |
| 1850 | 2.1 | — 48. | — —— |
| 1861 | 4.5 | — 22. | — —— |
| 1871 | 7.3 | — 14. | — —— |
| 1871—80 að meðaltali | 6.0 | — 16. | — —— |
| 1881—90 — —— | 4 9 | — 20. | — —— |
| 1891 | 4.8 | — 21. | — —— |
| 1892 | 4.2 | — 23. | — —— |
| 1893 | 3.6 | — 28. | — —— |
| 1894 | 3.3 | — 30. | — —— |
| 1895 | 3.3 | — 31. | — —— |
| 1891—95 að meðaltali | 3.8 | — 27. | — —— |
| 1896 | 3.1 | — 32. | — —— |
| 1897 | 3.1 | — 32. | — —— |

Tala þeirra sem eru á sveit lækkar allt af hlutfallslega frá 1871, og síðustu árin er hún komin niður fyrir það sem hún var 1840.

14. Fátækraframfæri. Af því sjest með nokkurn veginn nákvæmni hve miklu er varið til þurfamanna. En fyrir utan það fá fátækir menn stundum lán, sem opt eru borguð aptur og opt ekki. Fje það sem gengur til fátækra er þessvegna nokkuð meira en fátækraframfærinu nemur, en hve miklu meira það er, verður ekki sjeð af skýrslunum. Eins og áður hefir verið gjört skal hjer sýnt, hve mikið fátækraframfærið hefir verið á hverju ári, hve mikið hefir gengið til hvers þurfamanns að meðaltali, og hve mikið hefir komið á hvern mann á landinu, og hve mikið á hvern mann sem leggur til sveitar.

| Árin: | Fátækra-framfæri kr. | Á þurfa-mann kr. | Á mann kr. | Á gjald-gjaldanda kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1872—75 að meðaltali | 226104 | 48.6 | 3.2 | 22.6 |
| 1876—80 — —— | 210911 | 55.5 | 2.9 | 19.5 |
| 1881—85 — —— | 174009 | 55.7 | 2.4 | 14.3 |
| 1886—90 — —— | 195679 | 50.9 | 2.9 | 15.2 |
| 1891 | 170923 | 50.8 | 2.4 | 12.1 |
| 1892 | 170069 | 56.0 | 2.3 | 13.1 |
| 1893 | 169807 | 66.7 | 2.4 | 12.3 |
| 1894 | 169323 | 70.8 | 2.3 | 10.7 |
| 1895 | 157547 | 66.0 | 2.1 | 10.3 |
| 1891—95 að meðaltali | 167584 | 62.1 | 2.3 | 11.7 |
| 1896 | 148025 | 64.4 | 2.0 | 9.5 |
| 1897 | 155002 | 65.2 | 2.0 | 9.5 |

Við skýrslurnar er það einkennilegt, að fátækraframfæri minkar allt af að krónutali frá 1872—97, þrátt fyrir það, þótt peningar hafi fallið í verði eptir 1872. Það kemur af því, að þurfafólki hefur fækkað svo mikið á tímabilinu. Annað atriði er einkar athugavert, útgjöldin við hvern þurfamann hafa hækkað úr 49 kr. 1872, og upp í 66 kr. eða jafnvel meira síðustu árin; samt hefur þurfaheimilum fækkað mjög mikið, en eitt þurfaheimili getur þurft mörg ómagaframfæri. Sjálfsagt liggur þetta nokkuð í því, að peningar hafa fallið í verði, og jafnframt líklega í því, að þeir, sem nú taka ómaga, bera minna af byrðinni af þeim, en þeir gjörðu áður. Í þessi 25 ár hefur fátækrabyrðin reiknuð á hvern mann á landinu færst niður úr 3 kr. 20 aur. niður í 2 kr., og hefur ljezt um meira en þriðjung. — Útgjöldin til fátækra reiknuð á gjaldanda hafa fallið úr 23 kr. og niður fyrir 10 kr., en sú lækkun kemur jafnframt af því, að tölu þeirra sem leggja til sveitar, hefur fjölgað svo mikið.

13. Útgjöldin til menntamála hafa verið þessi ár:

| | |
|---|---|
| 1876—80 að meðaltali | 4.693 kr. |
| 1881—90 — —— | 7.778 — |
| 1891 | 13.899 — |
| 1892 | 11.098 — |
| 1893 | 12.169 — |
| 1894 | 13.298 — |
| 1895 | 13.371 — |
| 1891—95 að meðaltali | 12.757 — |
| 1896 | 11.398 — |
| 1897 | 16.768 — |

Þessi útgjöld vaxa ávallt, og hafa þrefaldast eða þar um bil á 25 árum.

14. Ýmisleg útgjöld, sem áður voru nefnd óviss útgjöld, hafa ávallt verið hár útgjaldaliður hjá sveitasjóðunum.

Þau hafa numið:

| | |
|---|---|
| 1872—75 að meðaltali | 79.728 kr. |
| 1876—80 — —— | 76.883 — |
| 1881—90 — —— | 106.316 — |
| 1891 | 141.638 — |
| 1892 | 154.877 — |
| 1893 | 182.175 — |
| 1894 | 145.856 — |
| 1895 | 150.927 — |
| 1891—95 að meðaltali | 155.095 — |
| 1896 | 99.637 — |
| 1897 | 101.760 — |

Síðustu tvö árin er lítið að marka vegna kaupstaðanna sem vantar.

Í þessum útgjaldalið felast ýmsar upphæðir, sem ekki er hægt að telja annarsstaðar; svo sem lán til þurfamanna, greptrunarkostnaður þeirra og ómaga, kostnaður við fátækraflutninga, styrkur veittur utanhreppsmönnum til bráðabyrgða, kostnaður við málaferli og sendiferðir fyrir sveitasjóðina, viðhald á þinghúsi eða þinghúsleiga, og í kaupstöðum útgjöld við lögregluna og margt fleira.

15. Kostnaður við sveitastjórnina eptir lögum 11. desbr. 1891. — (A. Nr. 30) hefur verið.

| | |
|---|---|
| 1893 | 7.188 kr. |
| 1894 | 9.598 — |
| 1895 | 9.302 — |
| 1896 | 9.816 — |
| 1897 | 10.373 — |

Önnur nýjungin í reikningunum eru dálkarnir fyrir eignir og skuldir sveitasjóðanna, sem eiginlega sýnir ekki annað en hvað var í sjóði, þegar reikningarnir voru gjörðir upp í hvort skipti, þar með taldir viðlagasjóðir og aðrar eignir t. d. útistandandi skuldir.

| | Eignir sveitasj. kr. | Skuldir sveitasj. kr. | Mismunur kr. |
|---|---|---|---|
| 1893 | 278.344 | 29.497 | 194.858 |
| 1894 | 364.663 | 35.772 | 275.202 |
| 1895 | 455.986 | 44.801 | 411.195 |
| 1896 | 464.056 | 24.382 | 439.674 |
| 1897 | 501.786 | 30.531 | 471.255 |

# Skýrsla

um

## heilbrigði manna á Íslandi árið 1899

samin af

landlækni *Dr. med. J. Jónassen.*

---

Árið 1899 hefir heilbrigði manna yfirleitt verið með betra móti; engar sóttir hafa gengið yfir landið; nokkrir læknar taka það fram, að þeir muni varla eins góða heilbrigði. Aptur á móti bar mikið á veikindum í stöku hjeruðum, svo sem í 6. hjeraði. Læknirinn þar segir árið »mikið veikindaár og manndauða meiri en í meðalári«. Sama er og að segja um 10. hjerað og 11. hjerað. Þar geysaði áköf og bráðdrepandi barnaveiki (sjá síðar). Í 16. hjeraði urðu talsverð brögð að Influenza og sömuleiðis á Seyðisfirði og í 13. hjeraði, en ekki breiddist hún að mun út. Eins og vanalegt er, hefir einna tíðast komið fyrir þarmakvef (828 sjúkl.), hálsbólga (576 sjúkl.), kvefsótt (490 sjúkl.). Á þessum sjúkdómum hefir borið meira og minna um allt land.

Árið 1899 fæddust samtals á Íslandi 2323 börn (1180 drengir og 1143 stúlkur), alls dánir 1438 menn (777 karlk. og 661 kvk.), þar af voru andvanafæddir samtals 80 (46 drengir, 34 stúlkur) = 3.4%.

Skilgetin börn alls 1969 (997 drengir, þaraf 36 andvanafæddir og 972 stúlkur, þaraf 30 andvanafæddar.

Óskilgetin börn alls 354 (183 drengir, þar af 10 andvanafæddir, 171 stúlka, þar af 4 andvanafæddar.

Tvíburafæðingar á árinu 37, þar af 32 skilgetið, 5 óskilgetið.

Þríburafæðing kom einu sinni fyrir (óskilgetið).

Aldur kvenna, er fæddu lifandi eða andvana börn, var þetta:

| Aldur mæðra: | Fæðingarnar: | | | | | | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | skilgetnar | | óskilgetnar | | alls | | |
| | kk. | kvk. | kk. | kvk. | kk. | kvk. | |
| Milli 15 og 20 ára | 9 | 12 | 6 | 6 | 15 | 18 | 33 |
| —— 20 — 25 — | 137 | 129 | 47 | 29 | 184 | 158 | 342 |
| —— 25 — 30 — | 246 | 233 | 39 | 47 | 285 | 280 | 565 |
| —— 30 — 35 — | 272 | 280 | 48 | 47 | 320 | 327 | 647 |
| —— 35 — 40 — | 230 | 202 | 24 | 25 | 254 | 227 | 481 |
| —— 40 — 45 — | 89 | 82 | 14 | 13 | 103 | 95 | 198 |
| —— 45 — 50 — | 5 | 8 | 2 | 3 | 7 | 11 | 18 |
| —— 50 — 55 — | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 55 ára og eldri | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |

Á 1. mánuði dóu af þeim, sem fæddust lifandi, alls 106 eða 4.7%*. Þar af 61 drengir (51 skilg., 10 óskilg.) og 45 stúlkur (35 skilg., 10 óskilg.).

*) Þess var getið í síðustu ársskýrslu, að svo liti út samkvæmt skýrslu Davíðs læknis, sem ungbarnadauði væri voðalega mikill í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Í þessa árs skýrslu

Á aldrinum 90—95 ára dóu 7 (2 karlar, 5 konur); 95—100 ára dóu 5 (4 karlar, 1 kona); yfir tírætt 1 (kvennmaður).

Vofeiflega dóu 12 (3 hengdu sig, 3 drekktu sjer, 6 skutu sig eða skáru — allir karlmenn).

Af slysförum dóu alls 70 (66 karlmenn 4 kvennmenn) þar af drukknuðu 57 (26 ógiptir karlmenn 1 ógipt stúlka, 27 giptir karlmenn, 3 ekkjur); 7 urðu úti (3 ógiptir karlm., 2 ógiptar stúlkur, 1 giptur karlm., 1 ekkja); af öðrum slysförum dóu 6.

Skal nú getið um hina helztu sjúkdóma, sem komið hafa fyrir á árinu.

1. Lungnabólga (Pneumonia crouposa). Lungnabólga hefir ekki komið eins opt fyrir á þessu ári og á fyrra ári, þar sem nú eru aðeins taldir 313 sjúklingar, en fyrra árið 558. Veikin hefur orðið hjer um bil jafnmörgum að bana eins og fyrirfarandi nfl. c. 20.1% Langoptast kom hún í 18. læknishjeraði, 39 sjúklingar (dánir 8). Ólafur Guðmundsson segir: »að lungnabólgan hafi verið ákaflega mannskæð í desember, því þeir 6, sem hana fengu þá, dóu allir; var það allt eldra fólk, og lá mjög stutt; þegar einn þeirra, sem dó, lá banaleguna, kom nágranni hans að finna hann og hjelt samdægurs heim í bezta veðri, en um nóttina fjekk hann veikina og dó eptir fáa daga. Það hefir vakið eptirtekt mína, að veiki þessi kemur optar fyrir í Fljótshlíð en í öðrum hreppum hjeraðsins og er þar mannskæðari; t. d. dóu influenzuárið 1890 langflestir í Fljótshlíð af þeim, sem lungnabólgu fengu í hjeraðinu. Orsök til þessa er mjer óskiljanleg«.

G. Björnsson segir hana óvanalega fátíða í sínu hjeraði á þessu ári; alls 19 vitjað læknis; af þeim hafa 2 dáið (annar geðveikur undir, hinn fjekk delir. tremens). Í hjeraði Þorgr. Þórðarsonar, sem influenza barst í í maímánuði, bar mikið á veikinni; 20 veiktust (6 dánir). Í hjeraði Þ. Thoroddsens veiktust 20, og af þeim dóu 7. Af 20 sjúklingum hjá Ó. Finsen, dóu að eins 2. Hjá Páli Blöndal bar einkum á lungnabólgu í júní og byrjun júlímánaðar (17 veikir og af þeim dóu 4). Hjá Þorvaldi Jónssyni var hún talsverð; 18 sjúkl., af þeim dóu 7.

2. Taugaveiki (Fb. typhoidea). Taugaveiki hefir komið optar fyrir þetta ár, þar sem sjúklingarnir hafa verið 238 og af þeim dáið 16 eða 6.7% (í fyrra 167, 8 dánir eða 4.8%). Lang-flestir voru sjúklingarnir hjá Guðm. Hannessyni (70, dánir að eins 3). Veikin var tiltölulega væg; »var læknirinn í fyrstu í nokkrum vafa, hver væri veikin, en það, sem tók af öll tvímæli um diagnosis var það, að sumir sjúklingarnir, þeir sem þyngst lögðust, fengu öll einkenni typískrar taugaveiki; auk þess sem 1 sjúklingurinn dó úr hæmorrhagia intestin«. Segir læknirinn að veikin hafi borist með stúlku af Vopnafirði, sem lögð var á sjúkrahúsið, og þótt dót hennar og fatnaður hefði verið sótthreinsað og hún sjálf böðuð og síðan sleppt til heimilis síns, að Öngulstöðum, sýkti hún samt fólkið þar og víðar. Guðm. Björnsson tekur það fram, að margir fátæklingar taki vatn úr afætum og pyttum í grend við hús sín og úr þesum óþverra holum komi taugaveikin — (enn ein áminning að gæta sem bezt vatnsbólanna). Í 6. hjeraði bar talsvert á veikinni (19) sem og í Grímsneshjeraði (19) og Dalasýslu (19). Segir S. Sigurðssonn, að veikin hafi verið megn og lagst þungt á flesta. Ól. Guðmundsson segir sama um veikina á þrem bæjum.

3. Kvefsótt (Tracheo-bronchitis). Víðast hvar hefir mjög lítið borið á kvefsótt þetta árið. Júlíus Halldórsson segir aptur á móti að talsverð kvefsótt, einkum í júní, hafi gengið í sínu umdæmi, og fylgdi henni allmikil sóttveiki og beinverkir og hagaði sjer yfir

---

(1899) segir Davíð: »Fæðingar í sýslunni alls 136 (í fyrra 112). Af þessum 136 börnum hefir aðeins 1 fæðst andvana, og er það fágætt í þessari sýslu. Ungbarnadauði er sömuleiðis með minnsta móti þetta árið«.

höfuð líkt og væg influenza. Læknirinn á Vopnafirði segir svo: »illkynjað kvef, líktist influenza, gekk í maí og júní og týndi flesta upp«.

Kr. Kristjánsson segir svo: »Influenza kom hingað að öllum líkindum frá Noregi síðast í marz, breiddist fljótt út, svo að allur þorri manna í umdæminu mun hafa fengið einhvern snert, en ljett var veikin á nær því öllum; virtist alt um garð gengið í júní og einkum í júlí, en svo bar aptur á veikinni hjer í bænum á Norðmönnum í ágústmánuði, sem hjer voru til fiskiveiða. Í þetta skipti breiddist veikin lítið sem ekkert út«.

Ól. Thorlacius á Djúpavogi: »Kvefveiki fluttist hingað — eins og vant er — austan af fjörðum í marzmánuði, og gekk hjer til loka maímánaðar. Veiki þessi var auðsjáanlega næm og breiddist út bæ frá bæ; lagðist ekki mjög þungt á yfirleitt, nema á þá, sem fengu upp úr henni lungnabólgu, sem víða varð skæð«. — Þorg. Þórðarson segir svo: »Væg kvefsótt gekk hjer 4 fyrstu mánuðina, en í byrjun maímánaðar, barst influenza inn í umdæmið austan af Djúpavogi«.

Alls eru 219 taldir að hafa verið veikir af influenza.

Ekki barst influenza þessi lengra vestur á við, því hennar er ekki getið í skýrslum læknanna.

4. Gigtveiki með sótt (Fb. rheumatica). Þótt þessi veiki hafi ekki komið eins opt fyrir og undanfarið ár, þá hefur hún þó verið fremur tíð (alls 114 sjúkir). Flestir hafa sjúklingarnir verið í umdæmi Davíðs Þorst. (14). Ásgeir Blöndal, sem hafði 10 sjúklinga, segir svo: »Jeg hefi aldrei síðan jeg varð læknir, orðið var við jafnmarga sjúklinga á einu ári með þessa veiki og ímynda jeg mjer fastlega, að hún standi að einhverju leyti í sambandi við hina miklu og óvenjulega stöðugu rigningartíð og kalsa í sumar og haust«. Þorvaldur Jónsson segir: »Gigtfeber kom fyrir í 12 tilfellum, þar af 7 í janúar og febrúar. Voru þau öll vægari en árið áður«. Guðmundur Scheving getur þess, að 2 sjúklingar hafi verið þungt haldnir — báðir kvennmenn — og að annar hafi fengið hjartasjúkdóm upp úr veikinni; segir veikina alveg óþekkta þar áður (6 sjúklingarnir).

5. Barnsfarasótt (Fb. puerperalis) er talin 24 sinnum og 4 taldir dánir (eða 17%). Flestar konur hafa verið í Keflavíkurhjeraði (7, af þeim dó 1) og í Borgarfjarðarhjeraði (4, af þeim dó 2). Segir Páll Blöndal: »Barnsfarasótt kom fyrir hjá 2 konum (multiparæ) í Reykholtsdal í janúar og hafði sama yfirsetukona (ólærð) verið hjá báðum; dó önnur úr sóttinni; önnur kona, sem dó, hafði fengið krampaslög 2 dögum á undan fæðingunni, en ekki bar á þeim meðan á fæðingunni stóð eða eptir hana; ól hún tvíbura; veiktist á 3. degi og dó á 6. degi.

6. Barnaveiki (Croup og Diphtheritis). Þessi veiki var voðalega mögnuð í nokkrum hjeruðum, einkum í 10. læknishjeraði (þar sem 25 urðu veikir og af þeim dóu 19); í 9. læknishjeraði þar sem 11 fengu veikina og dóu öll börnin. Í 12. læknishjeraði veiktust 3 af croup og dóu öll; í 18. læknishjeraði 3, en lifðu af.

Veikin virðist að hafa verið mjög svæsinn einkum í Skagafirðinum; var þó viðhöfð mikil varúð með samgöngur. Helgi Guðmundsson segir: »Í marzmánuði byrjaði veikin fyrir alvöru í Fljótum og hjelt svo stöðugt áfram þar til í júnímánuði (12.) að tók fyrir hana, bar svo ekkert á henni fyrr en í nóvember (7.) að veikin kom upp aptur á Hraunum og dó þar 1 barn, sömuleiðis sýktust 2 börn á Molastöðum og dó annað þeirra. Til Siglufjarðar barst veikin á eitt heimili (Sauðhól) og veiktist þar 5 ára gömul stúlka; samgöngur við bæinn þegar bannaðar, enda náði veikin ekki að breiðast út þaðan«.

»Í 7 tilfellum sprautaði jeg inn »serum«, og var það optast í byrjun veikinnar og hatnaði öllum nema einu«.

Sig. Pálsson reyndi »serum« á 3 börnum, en það kom eigi að haldi. Hann segir:

»Enginn efi er á því, að veikin hefur borist í Hjaltadalinn utan úr Fljótum, því þangað út eptir fór fólk frá Efra-Asi í kynnisför og veiktust börnin von bráðar er heim var komið«.

Veikinni fylgdi eptir á magnleysi í kokinu og í útlimum.

Sig. Hjörleifsson segir svo: »Hin illkynjaða kverkabólga kom upp á bæ á Látrarströnd (Svínárnesi), í byrjun febrúar og hefur eflaust borist þangað frá Oddeyri. Mín vitjað 5. febr. Þar var þá 4 ára drengur með veikina í kverkum og barka. Jeg sprautaði inn »serum«. en lagði fyrir að vitja mín aptur ef versnaði. Næsta dag var mín vitjað aptur og mátti þá ekki seinna vera. Eptir klóróformdeyfing gjörði jeg barkaskurð og batnaði drengnum. Alls sýktust 8 á heimilinu; 1 stúlka dó, 15 ára gömul; 2 karlmenn fulltíða urðu mikið veikir; á tveim böruum, sem höfðu fengið »serum« í byrjun veikinnar, varð veikin mjög væg; þess skal getið, að einum sólarhring eptir barkaskurðinn á drengnum, var öll skóf horfin úr kverkum hans og þakkaði jeg það meðalinu, er jeg hafði sprautað inn«. »Í júlí kom veikin aptur upp á bæ í Svarfaðardalnum; fyrsti sjúkling. 14 ára stúlka, hafði veikina í kverkunum; jeg sprautaði 20 cbcm. af »serum«, en hún dó sólarhring eptir; 3 börn önnur veiktust á sama heimili og brúkaði jeg »serum« við þau öll í byrjun, og varð veikin væg á þeim öllum«.

7. Kverkabólga (Angina tonsillaris) hefur verið mjög almenn eins og fyrra ár; þá voru tilfærðir 715 sjúklingar, nú 639 (1 dó). Veikin lagðist þungt á börn í 16. læknishjerði í nóvember og desembermán. Helgi Guðmundsson segir svo: »Samfara barnaveikinni gekk einnig kverkabólga, og var hún venju fremur illkynjuð; fengu hana bæði börn og fullorðnir«.

Á Vestmannaeyjum voru mikil brögð að veikinni.

8. Garnakvef (Catarrhus intest. acut.). Á þessari veiki hefur einnig borið miklu minna þetta árið en undanfarið ár. Í skýrslunum eru tilfærðir 828 og þar af dánir 13; í fyrra 1159 og þar af dánir 20. Eins og endrarnær bar og á því, að blóðsótt væri veikinni samfara.

Flestir hafa verið sjúklingarnir hjá G. Björnssyni (115) og Þórði Thoroddsen (70).

Guðm. Björnsson segir svo í skýrslu sinni: »Vanaleg cholerine er ekki algeng. Aptur á móti hefur á þessu ári, eins og undanfarin ár, borið mjög mikið á einskonar Intestinalkatarrh, sem líkist Dysenteri [Friðjón Jensson segir sama]. Þessi sjúkdómur hagar sjer þannig: Menn verða skyndilega veikir, fá höfuðverk, beinverki, stundum köldu; opt ógleði eða uppköst og jafnskjótt ákafa garnakveisu og niðurgang. Einstaka sinnum er veikin svo áköf í byrjun, að henni fylgir kollaps. Uppköstin, ef þau koma, haldast sjaldan lengur en fyrsta daginn, en feber helzt dögum saman; mesta þjáningu hefur sjúkl. af kveisunni og niðurganginum; hann er opt mjög tíður, allt að því 20 sinnum í sólarhring, og nær því ávallt eru hægðirnar mjög þunnar og blóð og slím í þeim. Þessi sjúkdómur stendur yfir 1—2 vikur. Hann tekur fremur fullorðið fólk en börn og verður fáum að bana. Það er augljóst (sbr. það, sem Ól. Guðm. segir um »Blóðkreppusótt«), að þetta garnakvef er næmt, því opt ber það við, að margir fá sjúkdóminn á sama heimili og stundum allir heimilismenn, hver á fætur öðrum. Aðkomufólk fær opt þennan kvilla, þá er það hefur verið hjer um stund. — Auðvitað getur ekki komið til mála, að þessi colitis hæmorrhagica eigi neitt skylt við Dysynteria tropica, en einkennin eru öll hin sömu og eignuð eru þeirri Dysenteri, sem talin er endemisk í ýmsum hlutum Norðurálfunnar (Mið- og Norðurevropu) og sumstaðar er kölluð Dysenteria nostras til aðgreiningar frá tropísku Dysenteríunni. Mjer hefur aldrei gefist kostur á, að kryfja lík þeirra, er látist hafa úr þessari sótt, en tel mjög líklegt, að sár mundi finnast í ristlinum (Colon). Hvort þessi colitis hæmorrhagica eða Dysenteria nostras kemur fyrir annarstaðar á landinu — það er mjer ekki kunnugt um«.

Þ. Thoroddsen segir, að veikin hafi verið »sjerstaklega þung á ungum börnum og

gömlum mönnum«, líkt átti sjer stað hjá Þorv. Jónssyni, í hans hjeraði bar mjög mikið á veikinni í byrjun og enda ársins. Veikin var og mjög algeng hjá Ó. Finsen (74 sjúkl.) og M. Ásgeirssyni.

9. Blóðkreppusótt (Dysenteria). Tilfærðir eru alls 81 sjúklingur, og þar af dáinn 1. Flestir voru sjúklingarnir hjá Ólafi Guðmundss. (54), svo hjá Kr. Kristjánss. (16). Ólafur Guðmundsson segir: »Veiki þessi virtist vera mjög næm þetta ár«.

Ekkert hefur borið á veikinni hjá Þorgr. Þórðarsyni, en þar var hún mjög tíð fyrra árið (1898).

10. Hettusótt (Angina parotidea) hefur að eins komið fyrir 15 sinnum. Helzt var það í Ólafsvíkurhjeraði (9 sjúklingar) 3 fyrstu mánuði ársins, en síðar varð hennar alls ekki vart.

11. Sullaveiki (Echinococcus). Í skýrslunum eru tilfærðir 123 (í fyrra 255). Nokkrir læknar taka það fram, að þeim virðist, sem sjúklingar með sullaveiki heldur fækki, og má vel vera að svo sje, og má þakka það bæði hundalækningunum og því, að hin yngri kynslóð mun umgangast hundana með meiri varúð en hin gamla kynslóð.

Hundalækningar hafa alstaðar farið fram með reglu.

12. Berklaveiki (Tuberculosis). Í skýrslunum eru tilfærðir 117 ($10._3$%) með berkla í lungum og af þeim 12 dánir, og 64 með berkla í öðrum pörtum líkamans, og af þeim dánir 6. Flesta tilfærir Guðmundur Björnsson 30 (22 í lungum, 8 í öðrum stöðum). Guðmundur Hannesson 27 (7 í lungum og 20 í öðrum stöðum). Þórður Thoroddsen 10 í lungum og 1 í öðrum stað; Kr. Kristjánsson 9 í lungum og 3 í öðrum stöðum. Svo að segja allir læknar hafa haft einn eða fleiri sjúklinga berklaveika. Þótt eigi sjeu tilfærðir í skýrslunum fyrir þetta ár fleiri en 181, (sjúklingar í fyrra 209), þá er að svo komnu eigi hægt að segja, hvort berklaveikin er að fara í vöxt, en líkindi eru því miður til þess, að svo sje. — Jeg tek því upp aptur það, sem sagt var í fyrri skýrslu minni: Hin brýnasta nauðsyn er á, að almenningur kynni sjer ítarlega ritið, sem landssjóður hefur látið útbýta, og sem hver og einn getur fengið ókeypis hjá læknum landsins. (Um berklaveiki eptir G. Björnsson hjeraðslækni).

13. Skyrbjúgur (Scorbutus) er að eins nefndur; er því um það alveg að hverfa úr veikindaskrá landsins.

14. Holdsveiki (Lepra). Einstöku læknar geta veikinnar; en það er óefað, að að eins fáir bætast nýir við.

15. Krabbamein (Cancer). Alls eru tilfærðir 27 sjúkir (17 höfðu meinið í maganum, 2 í brjósti, 3 í vörinni, 3 í innýflum, 1 í lifrinni, 1 í vælindinu.

16. Beinbrot (Fractura). Tíðust hafa verið rifbrot (fr. costæ) 26 sinnum, þessu næst geislabeinsbrot (fr. radii) 19 s.; viðbeinsbrot (fr. claviculæ) 11 s.; sperrilegsbrot (fr. fibulæ) 10 s.; lærbrot (fr. femoris) 5 s.; fótleggsbrot (fr. cruris) 15 s.; framhandleggsbrot (fr. antibrachii) 3 s.; fingurbrot (fr. digit.) 3 s.; nefbrot (fr. nasi) 1 s.; olnbogabrot (fr. olecrani) 3 s. Tíðust hafa brotin verið í hjeraði G. Björnssonar (16), Ólafs Guðmundssonar (10), Þórðar Thoroddsens (9).

17. Liðhlaup (Luxatio). Optast hefur gengið úr liði í axlarliðnum (l. humeri) 15 sinnum; um olnbogalið (l. cubiti) 3 s.; hnjeskjel (l. patellæ) 1 s.

18. Skotsár (V. sclopetarium). Slys af púðri og skotvopnum hafa orðið nokkrum sinnum á þessu ári, og skal hjer tilfært hið helzta af því tagi.

Helgi Guðmundsson: »Unglingspiltur skaut sig í september. Skotið hafði komið framan í ennið og tók allan efri part kúpunnar og láu heilasletturnar víðs vegar«.

Sig. Hjörleifsson: Maður gekk á rjúpnaveiðar og var mjög eyddur bógurinn á byssunni og fjell illa við perlunni. Hann skaut og hrökk perlubrot í augað inn gegn um cornea. Varð að taka úr honum augað«. »Skot hljóp úr byssu hjá sjómönnum, er voru að setja fram bát og snerti skotið við baki á dreng, er þeim megin var; var það nokkurt sár, en þó ekki hættulegt og batnaði til fulls«.

Páll Blöndal: »Unglingsmaður var að þurka $^1/_4$ pd. af púðri, er raki hafði komist að í pjáturskút á eldsglæðum, þar til púðrið exploderaði og blossann lagði um andlit honum; brann hárið framan á höfðinu og andlitið allt meira og minna til 3. stigs og voru blöðrur á conjunctiva. Manninum batnaði furðu fljótt algjörlega og hjelt fullri sjón«.

Gísli Pjetursson: »Brot af knallhettu hrökk upp í augað á unglingspilti, skar gat á cornea og í sundur iris utanvert við pupilla. Brotið náðist út og sárið greri fljótt og drengur fjekk fulla sjón aptur«.

19. Lekandi (Gonorrhoea). Í skýrslunum er þetta ár taldir 32 sjúklingar. — Flestir hafa verið hjá G. Björnssyni (20, þar af 2 konur) og hjá Kr. Kristjánssyni (7).

20. Samræðissjúkdómar (Syphilis og Ulc. vener.) höfðu 3 útlendingar.

21. Drykkuæði (Delirium tremens) kom fyrir á 6 (þar af 3 hjá G. Hannessyni).

22. Kláði (Scabies) tilfærður hjá öllum læknum.

23. Ginklofi (Trismus neonatorum). Af ginklofa hafa komið 3 tilfelli, 1 í Vestmannaeyjum, 1 hjá Ásgeiri Blöndal og 1 hjá Þorvaldi Jónssyni. Þorsteinn segir, að optast deyi 1 á ári stundum 2 af ginklofa þar á eyjunum.

## Fæðingar (Partus).

Þetta ár hafa læknar 43 sinnum orðið að hjálpa konum í barnsnauð með verkfærum (töng) og 4 sinnum sinnum orðið að snúa burðinum; í eitt skipti varð að lima sundur burðinn og í eitt skipti náðist hann með engu móti og dó konan.

Ein þríburafæðing kom fyrir Guðm. Björnsson: »8. jan. að kveldi dags tók konan ljettasóttina; 10. jan. kl. $11^1/_2$ síðdegis fæddist lifandi, fullburða stúlkubarn (1. hvirfilstaða), 15 merkur að þyngd; 11. jan. kl. $10^1/_2$ síðdegis fæddist lifandi, fullburða drengur (sitjandafæðing), 16 merkur að þyngd; 12. jan. kl. 11 árdegis fæddist andvana drengur (2. hvirfilstaða), 14 merkur að þyngd, öll börnin fæddust sjálfkrafa. Konan kom furðu fljótt til heilsu.

Tvíburafæðing kom fyrir Kr. Kristjánsson, Skúla Árnason, Pál Blöndal og Guðm. Scheving. Kristján varð að taka síðari tvíburan með töngum (sóttleysi). Skúli varð að snúa síðari burðinum og draga hann út (vegna blóðláta).

Páll Blöndal segir: »37 ára gl. multipara fjekk 2 dögum á undan fæðingunni nokkur krampaslög (eclampsia) en ekki bar á þeim meðan á fæðingunni stóð eða eptir hana; ól hún tvíbura; veiktist á 3. degi af barnsfarasótt og dó á 6. degi.«

Ennfremur segir hann: »Jón sonur minn var sóttur til konu 30 ára gl., er fengið hafði blóðlát og taldi sig vanfæra á 8. mánuð. Blóðlátin tókst að stöðva; öðru hvoru hafði hún samt næstu daga verki og nokkurn blóðmissi þar til hún 4 dögum síðar fæddi af sjer kjötklump (mola carnea) á stærð við vænt »Boeufstykki« og líkt því hráu að útliti«.

Ekki er þess getið í skýrslunum, að legkakan hafi »legið fyrir« nema einu sinni og kom það fyrir Helga Guðmundsson: »Konan hafði verið frísk um meðgöngutímann, þar til fyrir 3 vikum, er hún fjekk blóðlát, er stiltust af sjálfu sjer og lá hún þá í rúminu í 3—4 daga; síðan tóku blóðlátin sig upp aptur við og við, þar til hún tók ljettasótt $^1/_8$. um kveldið; $^2/_8$ kl. 11 um kveldið var jeg sóttur og kom til hennar eptir 5 tímaferð. Við rannsókn fanst partur af legkökunni fyrirliggjandi og smápartar fyrir innan; legopið c. 1″ á stærð. Hjelst sema sóttleysið við allan daginn hinn 3., en um morguninn hinn $^4/_8$ elnaði sóttin og

fjell þá naflastrengurinn fram og vinstra hnjeið lá fyrir. Kl. $10^1/_2$ fæddist andvana sveinbarn Konunni heilsaðist vel en var lengi að ná sjer á eptir«.

Krampi (Eclampsia). Hans er getið tvisvar, hjá P. Blöndal og Guðm. Scheving. Það tilfelli, sem kom fyrir Scheving, var á konu, sem átt hafði 8 börn; nú fæddi hún tví bura. »Eptir 4 krampaköst með $^1/_2$ tíma millibili, hætti krampinn alveg og gekk fæðingin síðan vel og eðlilega.

## Sjúkrahús.

Í sjúkrahúsinu í Reykjavík hafa legið 66 sjúklingar:

| | |
|---|---|
| Úr Reykjavík voru | 11 |
| Útlendingar | 12 |
| Úr Múlasýslum | 2 |
| — Skaptafellssýslu | 2 |
| — Rangárvallasýslu | 4 |
| — Árnessýslu | 7 |
| — Kjósar og Gullbringusýslu | 10 |
| — Borgarfjarðar- og Mýrasýslu | 4 |
| — Dalasýslu | 3 |
| — Barðastrandarsýslu | 5 |
| — Ísafjarðarsýslu | 4 |
| — Strandasýslu | 1 |
| — Húnavatnssýslu | 1 |

Af þeim dóu 7 (1 af sarcoma hepat., 1 af empyema plevræ post pneumon. croup, 1 af phthis. pulm. cavern. dupplex, 2 af fbr. typhoid., 1 af pn. croup. morb. mental. Helztu skurðir (operationir) voru þessir: 12 Laparotomia við sullaveiki, 3 Resectio costæ & Laparotomia transdiafragmatica, 2 Sequestrotomia (necrosis part. humeri, necros. radii total., 2 Resectio cubiti, 2 Resectio costæ (Empyema), 1 Resectio genus, 1 Colporaphia ant. & post. (p. prolaps. uteri), 1 Osteotomia subtroch.

Í sjúkrahúsinu á Akureyri hafa legið 91 sjúkl. Af þeim dóu 7 (1 hæmorrh. intestinal, 1 diagnos. incerta, 1 oedema glottidis, 1 peumon. croup., 1 fistul. stercor. & peritonitis purul. circumscr., 1 hypertrophia prostatæ c. retent. urinæ, 1 ileus, 1 cancer ventr. Helztu skurðir voru þessir: 5 Laparotomia við sullaveiki (1 transdiafragmatica), 1 Amput. humeri, 4 stærri skurðir við Tubercul. gland. & caries, 1 Resectio cubiti, 2 Kataract op., 1 Enucleatio oculi, 1 Ventrofixatio uteri.

Læknir Guðm. Hannesson segir svo: »Af sjúklingum þeim, sem dáið hafa, komu 4 moribund á spítalann (ileus sjúkl. kom of seint til þess að skurður væri gjörður; cancer ventriculi sjúkl. langdreginn, in extremis, diagn. inc., drengur, sem lengi hafði legið veikur og andaðist rjett eptir að hann var færður á spítalann (læknir var fjærverandi) og sjúkl. með peritonit. circumscripta«.

Utan sjúkrahússins gjörði Guðm. Hannesson Ovariotomia & Castratio dupplex á kvennmanni, sem var aðframkominn af Cystopapill. ovarii utriusque. Hún náði fullri heilsu.

Í sjúkrahúsinu á Ísafirði hafa legið 21 sjúklingar; af þeim hefur dáið einn (pneum. croup.). Helztu skurðir (operationir), sem gjörðir hafa verið, hafa verið þessir: 1 Amputatio Syme & Lisfranc (congelatio), 5 Exarticul. digitor., 2 Amputatio oss. metac., 1 Amput. antibrahii (Phlegm.manus).

## Bólusetning.

Um hana er það að segja, að hún hefur mjög víða misheppnast af því, að bóluefnið, sem læknar fengu, reyndist ónýtt eða mjög illa.

## Lögboðinn líkskurður

var hvergi gjörður þetta ár.

## Slys.

Í skýrslunum er víða getið ýmiskonar slysa, og skal hjer tilfært hið helzta:

Þórður Thoroddsen segir: »Við húsbruna (Melbæ í Leiru) brann húsbóndinn og barn hans til stórskemmda; faðir barnsins var að eins í nærklæðum og hljóp með barnið, 11 ára stúlku, alls-nakta, ekki einu sinni í skyrtu, gegnum logann, og við það sköddnðust þau bæði. Faðirinn var brunninn á báðum höndum upp á miðja framhandleggi; lófarnir þó óskemmdir; allt hárið sviðið af honum og andlitið allt brunnið aptur fyrir eyru. — Stúlkan var brunnin öll á bakinu, ofan frá hálsi, niður fyrir miðja sitjanda-vöðvana og fram á báðar síður beggja megin. Aptan á báðum handleggjum náði bruninn frá öxl og fram á úlfnliði og bæði handarbökin; fótleggirnir báðir að framan og ristarnar fram á tær og vinstra læri allt að utanverðu; dálítill blettur á enninu brunninn. Stúlkan var algróin eptir 7 vikur. Þegar hún var hjer um bil algróin fjekk hún krampa, sem hjelst við nokkurn tíma, en er nú hættur og stúlkan frísk. Furða mesta, að hún skyldi lifna, þar sem meira en þriðjungur af yfirborði líkamans var brunninn og víða svo mjög, að brunaskorpur voru myndaðar«.

Guðm. Björnsson: »Sjómaður á norsku skipi, sem lá hjer á höfninni, átti að hagræða einhverju í reiðanum, en datt niður, c. 50 feta fall, á þilfarið, svo mín var vitjað; hann hafði opið sár á vinstri augabrún, og þar undir beinið brotið og deprímerað; meðvitundarlaus var hann í 2 daga; sárið greri vel, bæði beinbrotin einnig fljótt og vel. Varð maðurinn alheill«.

Sig. Magnússon: »Það slys vildi til á Flateyrarhöfn, að einn af verkamönnum á hvalveiðastöðinni datt ofan í lest á eimskipi og fjekk c. 3 ctm. langt sár á vinstri augabrún, enn fremur c. 6 ctm. langan skurð ofarlega á hnakkabeinið, sem náði inn að beini. — Hvergi fannst breinbrot. Hann raknaði aldrei algjörlega við og dó eptir 16 klukkutíma«.

Fyrir Guðm. Hannesson kom það, að kembingarvjel festi í handlegg, mölbraut framhandlegginn og reif hann í sundur, svo taka varð af handlegginn.

Ásgeir Blöndal: »Barn á 3. ári varð með sleikifingur fyrir sög, sem faðir þess var að saga með, svo fingurinn sagaðist sundur um miðjan fingur en hjekk þó á sin og nokkurri holdbrú lófamegin. Með góðum umbúðum tókst að halda fingrinum og greri hann skjótt«.

Gísli Pjetursson: »Níu ára gamall drengur var skorinn í fótinn með ljá. Skárust sundur ytri öklaböndin og liðurinn opnaðist. Jeg saumaði böndin saman og allt greri fljótt. Fóturinn fengið aptur fullan styrk«.

Sig. Hjörleifsson: »Stúlka á 4. ári datt ofan í pott með sjóðandi vatni, er tekinn hafði verið af eldstæði, og brendi sig svo stórkostlega, að hún beið bana af«.

Líkt kom fyrir Júlíus Halldórsson; var það tveggja ára stúlkubarn, sem datt með handlegg ofan í pott með sjóðandi vatni, og brenndi allan handlegginn og hendina. Henni batnaði.

Líkt kom og fyrir Sig. Sigurðsson; 2 ára barn datt ofan í pott með heitu vatni; því batnaði.

Annað barn, $2^1/_2$ árs gamalt, datt ofan í brennheitan grautarpott og brenndi höfuð, hendur og framhandlegg; því batnaði, en fyrsta sólarhringinn hafði barnið krampadrætti við og við. Sjáaldrið óskaddað.

Eitrun (veneficium). Magnús Ásgeirsson segir svo frá: »Járnsmiður 50 ára gamall varð snögglega veikur skömmu eptir að hann hafði borðað morgunmat (steikta lifur, ekki alveg nýja). Hann fjekk óþolandi verki um holið, óstöðvandi uppköst og vatnstæran niðurgang, auk þess vöðvakrampa, einkum á fótum. Enginn ætlaði honum líf, þegar maðurinn fór á stað að sækja mig; en þegar jeg kom c. 5 tímum seinna, kenndi hann sjer einskis meins, en var að eins dálítið slappur. Kveldinu áður hafði hann smíðað úr járni, sem var málað, og er vel hugsanlegt, að eitur úr litarefnunum hafi borist ofan í hann með matnum«.

Þorgr. Þórðarson segir svo: »Í maímánuði skar geðveikur maður sig á háls og beið síðar bana af. Hann hafði risið á fætur snemma morguns án þess menn yrðu varir við, farið út í útihús og skorið sig á háls þannig, að skurðurinn lenti milli os hyoid. og larynx og náði aptur að vjelinda án þess þó að snerta carot. er báðar láu púlserandi í endum skurðarins. Eptir þetta lagðist hann aptur inn í rúm sitt og breiddi upp yfir höfuð. Allt, sem hann drakk, rann út um skurðinn. Skurðurinn var saumaður saman og maðurinn nærður með pípu gegnum nefið. Dó eptir 4 daga.

## Hitt og þetta.

Hjá Kristjáni Kristjánssyni kom það fyrir, að hann varð að skera út stóran stein úr duct. Warthonianus (Calc. salival.). Var hann 28 mm. á lengd og 18 mm. að ummáli.

Sama kom og fyrir Þorstein Jónsson. *

Páll Blöndal getur um eitt fátítt tilfelli, sem var á áttræðri konu, sem gekk með prolapsus uteri chronic. Hann segir svo frá: »Allt legið fallið fram og fremri veggur vaginæ og vesica spennt niður í framfallinu, sem náði 10—12 þumlunga niður fyrir labia og neðst á honum var stórt sár. Ofan til var slímhimnan breytt í hart skinn. Konan átti bágt með að kasta af sjer þvagi, og var vön, er hún settist niður, að sitja á tveim kistlum og hafa barnslegið niður á milli þeirra. Þannig hafði hún verið í 40 ár og sinnt húsmóðurstörfum á stóru heimili eins og ekkert væri um að vera. Orsökina taldi hún mundi vera, að þegar hún ól síðasta barnið, kom ekki fylgjan, og var þá nágrannakona hennar fengin til að ná henni; ljet hún sængurkonuna spyrna fast í, en náði sjálf í fylgjuna og togaði svo ósleitilega, að hún datt aptur á bak með fylgjuna í lúkunum. Þrem dögum síðar fór sængurkonan á fætur til að þvo ull, og stóð við það allan daginn, því kaupstaðarferð var fyrir höndum og ullar-þerrir þann dag. Aldrei hafði hún sýnt sig lækni fyrr«.

Ásgeir Blöndal: »Árið 1898 var á einu heimili hjer í þorpi drepinn gamall reiðhestur, er þreifst mjög illa síðustu árin; fannst þá í görnum hans spólormur, sem jeg hirti og setti í spíritus. Árið sem leið, 1899, var sonur eiganda hestsins opt með magaverki og ýmist að fá harðlífi eða niðurgangsköst, matarlyst ýmist mikil eða engin; á óstillingu bar talsvert. Á áliðnu sumri sem leið var maður þessi á ferð og þurfti að hægja sjer, sá hann þá í saur sínum langan orm, sem hann hirti og færði mjer; var það spólormur. Það virðist einkennilegt, að á sama heimilinu skyldi koma fyrir spólormur bæði í manni og hesti með litlu millibili og er líklegt, að veiki þeirra sje í einhverju sambandi«.

---

*) Það virðist koma opt fyrir í Vestmannaeyjum að steinar myndast í duct. W. Þorsteinn læknir hefur áður sent mjer slíka steina.

Sami: »Stúlka tók inn saltpjetur í stað laxersalts, en hvorttveggja var til á heimilinu. Afleiðingarnar voru mjög áköf nefritis og gastroenteritis. Hún komst þó til heilsu«.

Gísli Pjetursson: »Uræmia kom fyrir á tveim mönnum, er höfðu nefritis. Annað þeirra (65 ára gömul kona) dó. Hitt var 54 ára gamall karlmaður; batnaði honum alveg; hann hafði verið meðvitundarlaus í tvö dægur, er jeg kom til hans með krampa og coma. Jeg tók honum blóð (c. 400 gröm) og virtist það hafa mjög góð áhrif á hann. Krampinn hætti, diuresen jókst og fram af því fór að ljetta af honum mókinu«.

Júlíus Halldórsson: »Stúlka vestur í Miðfirði, 17 ára gömul, fjekk hýsteriska krampakennda geispa svo svæsna, að neðri kjálkinn gekk úr liði. Jeg var syðra um þær mundir og náðist ekki til mín fyrr en 31 degi seinna; kippti jeg þá í liðinn og hefir haldist í liðnum síðan«.

Sig. Hjörleifsson segir: »Eitt tilfelli fremur sjaldsjeð kom fyrir mig. Það var Invagination á dreng á öðru ári, sem batnaði við það, að allstórt stykki úr colon transv. gangræneraði burtu. Stóð á því nokkuð á aðra viku. Um uppskurð gat ekki verið að ræða, því eg sá drenginn ekki fyrr en seint á þriðja degi eptir að Invaginationin kom fyrir. Í marga daga var því mesta tvísýni á lífi hans. Eitthvað á 5. degi fóru að koma tægjur nokkrar er sprautað var upp í endaþarminn og loks kom stórt stykki. Var það 12 ctm. á lengd en mjótt í annan endan, varð svo smátt og smátt breiðara og í hinn endan er hringurinn kominn allt í kring, en er þó ekki nema um 3—4 millim. á litlum bletti, þar sem hann er mjóstur. Þegar stykki þetta var komið, fór að ganga niður saur. Drengurinn var lengi að ná sjer, en er að sjá albata«.

# Yfirlit

**yfir gipta, fædda og dána, aldur kvenna, er börn fæddu, svo og yfir fermda á Íslandi.**

## Árið 1899.

A. Hjónabönd.

I. Aldur brúðhjónanna:

